

**Nýtt myndband frá Samaris**

**ÓLAFUR DARRI OG MARÍA BIRTA**

▶42



**Særún Lísa**

**SKOÐAR SAMKYNHNEIGÐ Í ÍSLENSKUM ÁLFASÖGUM**

▶14





THE MORE YOU USE IT THE BETTER IT LOOKS

EF 50 1964 - 2014

Einar Farestveit & Co.hf.

Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is



# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**HELGARBLAÐ**

26. júlí 2014

174. tölublað 14. árgangur

Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl-júní 2014




# EKKI GAMALDAGS HELDUR RÓMANTÍSK

**Halldóra Björnsdóttir leikkona hvarf af sviði Þjóðleikhússins fyrir sex árum og flutti vestur á firði með manni sínum. Í haust snýr hún aftur á svið í nýju íslensku verki, Róðaríi, sem sýnt verður í Tjarnarbíói.** ▶ 16

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**BETRI VEGNA MEDÚSU**

Þór Eldon bjargaðist frá því að verða íþróttamaður vegna ljóðanna og tónlistarinnar. ▶20



**MR. SILLA FRUMFLYTUR NÝJA PLÖTU** ▶14




**KARLOTTA BLÖNDAL**

vekur athygli fyrir frumlegar innsetningar ▶22







# FRÉTTIR

## GLEÐIFRÉTTIN

### Samkynhneigðir fá að ættleiða frá Suður-Afríku



Yfirvöld í Suður-Afríku hafa samþykkt danskt samkynhneigt par sem foreldra og komu hinir nýbökuðu foreldrar, Thomas Møller og Rasmus Holm, nýlega heim til Danmerkur með um níu mánaða gamla dóttur. Framkvæmdastjórar Íslenskrar ættleiðingar og Samtakanna ´78 fagna tíðindunum og vonast til að fleiri samkynhneigðir fái að ættleiða börn.

## FIMM Í FRÉTTUM NÝR LÖGREGLUSTJÓRI OG ELDHEITUR KNATTSPYRNUUNNANDI



**Edda Garðarsdóttir,** fyrrverandi fyrirliði landsliðsins í fótbolta, dæmdi leik Fjölnis og Hamranna í fyrstu deild kvenna í knattspyrnu á sunnudaginn fyrir viku.



**Guðbrandur Bogason** ökukennari vill hærri bílprófsaldur til þess að fækka megi enn frekar slysum í umferðinni. Með breyttum kennsluháttum hefur þó náðst mikill árangur í að fækka slysum undanfarin ár.



**Kristín Anný** Jónsdóttir, segir að sala á ferðavögnum gangi vel, en rigningin setji þó strik í reikninginn. Hjólhýsi seljast mun betur en fellihýsi og tjaldvagnar.



**Sigríður Björk Guðjónsdóttir**, fyrrverandi lögreglustjóri á Suðurnesjum, hefur verið skipuð lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu. Hún er fyrsta konan til að gegna því embætti.



→ **Ásdís María Viðarsdóttir** er einn af skipuleggjendum Druslugöngunnar. Hún greindi nýverið frá kynferðisofbeldi sem hún varð fyrir.

## VIKAN 19.07.→25.07.2014

**LAUGARDAGUR Gunnar Nelson yfirvegaður** Bardagakappinn Gunnar Nelson kom, sá og sigraði í Dyflinni á Írlandi á laugardag. Hann lagði Zak Cummings þegar nokkrar sekúndur voru eftir af annarri lotu í bardaga þeirra.

**SUNNUDAGUR John Kerry styður Ísrael** Utanríkisráðherra Bandaríkjanna, John Kerry, gaf út yfirlýsingu þess efnis að Bandaríkjastjórn styddi rétt Ísraela til að verja sig gegn árásum frá Hamas. Ummælin hafa mætt mikilli gagnrýni.

**MÁNUDAGUR Risavaxið berghlaup í Öskju** Vísindamenn reyna nú að finna orsakir þess að gríðarstór aurskriða féll ofan í Öskjuvatn á mánudagskvöld. Skriðan orsakaði 120 metra flóðbylgju á svæðinu sem náði inn að Víti. Sem betur fer var enginn á svæðinu þegar skriðan féll.

**ÞRIÐJUDAGUR Aðskilnaðarsinnar standa sig** Stefán Haukur Jóhannesson, sem starfar fyrir eftirlitssveit Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu, ÖSE, segir að aðskilnaðarsinnar hafi gengið rétt frá líkamsleifum þeirra tæplega 300 sem létust þegar malasísk farþegaþota var skotin niður yfir austurhluta Úkraínu í síðustu viku.

**MIÐVIKUDAGUR Eygló bregst við fréttum** Félagsmálaráðherra, Eygló Harðardóttir, brást hratt við fréttum Fréttablaðsins um langtímaatvinnuleysi kvenna yfir fimmtugu. Hún óskaði eftir samstarfi við Félag eldri borgara og Vinnumálastofnun til að finna lausn á vandanum.



**FIMMTUDAGUR 700 fallnir borgarar á Arnarhóli** Fréttablaðið birti mynd af fjöldagjörningi á Arnarhóli í tilefni aðgerða Ísraelshers á Gasa-svæðinu. Sjö hundruð Íslendingar lögðust niður á Arnarhóli til þess að tákna þá Palestínumenn sem hafa látist vegna framgangs Ísraels síðastliðnar vikur.

**FÖSTUDAGUR Ætlar ekki að taka þátt í kostnaði**



**„Við hjá borginni óskuðum ekki eftir þessari uppfærslu á flóðljósum heldur Knattspyrnusamband Evrópu. Því er eðlilegt að knattspyrnuhreyfingin beri kostnaðinn en ekki Reykjavíkurborg.“**

*S. Björn Blöndal, formaður borgarráðs, tekur fyrir það að Reykjavíkurborg muni borga nýja flóðlýsingu á Laugardalsvelli.*

# Færir Tónlistarsafni Íslands aldargamla fiðlu

Sigurður G. Tómasson lét Tónlistarsafni Íslands eftir eina frægustu fiðlu landsins. Hún var smíðuð í Þýskalandi á síðari hluta 19. aldar. Margir hafa raulað lög eftir fyrrverandi eiganda.

**MANNLÍF** Flestir vita að Sigurður G. Tómasson liggur ekki á skoðunum sínum en færri vita að það á við um fleira í fórum hans því hann hefur gefið þjóðinni eina frægustu fiðlu landins. Hún var smíðuð í kringum 1880 í Þýskalandi og var í eigu áhrifamanna í íslenskri tónlistarsögu.

Hann hefði sjálfsagt getað selt hana, „en þetta er gripur sem á að vera í eigu þjóðarinnar,“ segir Sigurður. „Það borgar sig ekki að fara með gömul hljóðfæri á Þjóðminjasafnið því maður veit ekki hvernig búið er að hljóðfærum þar en það þarf að passa gömul strengjahljóðfæri mjög vel.“ Úr varð að hann færði Tónlistarsafni Íslands fiðluna, enda segir útvarpsmaðurinn að þar sé unnið frábært starf og nokkur sögufræg hljóðfæri séu þar fyrir.

Fiðluna átti Þórarinn Guðmundsson, en hann var fyrstur íslenskra fiðluleikara til að læra listgrein sína í erlendum tónlistarskóla. Eflaust kannast aðeins þeir fróðustu við nafnið, enda spá fáir í hver samdi lagið þegar þeir söngla „Yfir kaldan eyðisand“ í söngvímu en það var einmitt Þórarinn sem gerði ljóð Kristjáns Jónssonar Fjallaskálds að lagi. Einnig samdi hann lagið „Þú ert yndið mitt yngsta og besta“. Hann samdi svo og lagið við ljóð Jóhannesar úr Kötlum „Land míns föður“ og var það frumflutt á lýðveldishátíðinni á Þingvöllum árið 1944. Ólíklegt er að nokkurt þeirra sé samið á þessa fiðlu því hana brúkaði Þórarinn til æfinga á lærlingsárum.

Fiðluna fékk Sigurður í arf frá Guðmundi Guðmundssyni, bróður fiðluleikarans. Guðmundur átti að nota hana til æfinga sem ekkert varð úr. „Guðmundur var mágur pabba míns og ég ólst mikið upp á heimili þeirra hjóna en þau áttu engin börn,“ segir Sigurður.

Ekki er öll sagan sögð því Sigurður segir allt benda til þess að þessi sögufræga fiðla sé sú sama og Söngfélagið Harpa gaf Jónasi Helgasyni þegar hann lét af söngstjórn þar árið 1887.



**SIGURÐUR LÆTUR FIÐLUNA AF HENDI** Eflaust lærði tónskáldið sitthvað á þessa fiðlu sem kom að gagni þegar hann samdi „Land míns föður.“ MYND/TÓNLISTARSAFN ÍSLANDS

Hún er nú í spilahæfu formi en var þó ekki fýsileg þegar Sigurður fékk hana. Ívar sonur Þórarins, sem var fiðlusmiður, hafði þurft að nýta úr henni eitt og annað á haftaárunum þegar erfitt var að fá efni. En Sigurður átti hauk í horni því Hans Jóhannsson kom henni í samt lag og fræddi eigandann í leiðinni um eitt og annað sem hjálpaði honum að rekja sögu hennar. Hún er nú undir sama þaki og selló Erlings Blöndals Bengtssonar en það selló má sjá í styttuformi í fangi Erlings fyrir utan Háskólabíó.

jse@frettabladid.is

**Það borgar sig ekki að fara með gömul hljóðfæri á Þjóðminjasafnið því maður veit ekki hvernig búið er að hljóðfærum þar en það þarf að passa gömul strengjahljóðfæri mjög vel.**



AUGLÝSINGASKJÁIR
UPPLÝSINGASKJÁIR
SKJÁVEGGIR
PHILIPS
SignageSolutions
Heimilistæki ht.is
Heimilistæki söludeild, 5691520, sala@ht.is

Skattakóngur ársins 2013 seldi hlut sinn í lyfjafyrirtækinu Invent Farma:

# Skattakóngur greiddi 412 milljónir

**EFNAHAGSMÁL** Jón Á. Ágústsson, einn af fyrrverandi eigendum Invent Farma, var greiðandi hæstra opinberra gjalda á Íslandi á síðasta ári. Jón og nokkrir félagar hans seldu hlut sinn í Invent Farma á síðasta ári. Jón greiddi tæpar 412 milljónir króna á síðasta ári. Útgerðarmenn eru fyrirferðamiklir á lista yfir hæstu gjaldendur. Næst á eftir Jóni kemur Guðbjörg M. Matthíasdóttir, útgerðarkona í Vestmannaeyjum sem meðal annars á stóran hlut í Ísfélaginu, Kvos, Árvakri og fleiri félögum. Guðbjörg greiddi rúmar 389 milljónir í opinber gjöld.

Á eftir Guðbjörgu kemur Ingibjörg Björnsdóttir með 239 milljónir greiddar og Kristín Vilhjálmsdóttir með 237 milljónir, en þær seldu báðar hlut í HB Granda.



**JÓN ÁRNI ÁGÚSTSSON**
GREIÐANDI HÆSTRA OPINBERRA GJALDA
***Greiðir tæpar 412 milljónir króna vegna ársins 2013.***



**GUÐBJÖRG M. MATTHÍASDÓTTIR**
GREIÐANDI NÆSTHÆSTRA GJALDA
***Greiðir tæpar 389 milljónir króna vegna síðasta árs.***

Ingibjörg Björnsdóttir er ekkja Árna Vilhjálmssonar, fyrrverandi stjórnarformanns fyrirtækisins.

Frændurnir Þorsteinn Már Baldvinsson og Kristján Vilhelmsson koma næstir þeim, en Þorsteinn greiddi 211 milljónir og Kristján tæpar 190 milljónir. - jhh



Nova kynnir í samstarfi við HELO útsýnis- og ljósmyndaflug
TÓNLEIKAR Á TOPPI ESJUNNAR!
SUNNUDAGINN 27. JÚLÍ
DJ Margeir og Ásdís María troða upp á toppi Esjunnar frá kl. 11:00 til 13:30. Frítt Hámark kemur öllum af stað! Reimaðu á þig gönguskóna og dansaðu með Nova.
Snyrtilegur útivistarklæðnaður og ekkert aldurstakmark!
Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is | Facebook | Twitter
Stærsti skemmtistaður í heimi!
NOVA
Brandenburg

## 19.07.2014 → 25.07.2014

**25** hjólhýsi hafa verið nýskráð hérlendis það sem af er júlí. Heildarsalan á árinu er 153 hjólhýsi.



**20.000** manns sækja um að fá að að nýta séreignarlífeyrissparnað til að greiða niður höfuðstól fasteigna sinna.





**500** konur, fimmtugar eða eldri, eru nú langtímaatvinnulausar. Um 400 karlar á sama aldri eru langtímaatvinnulausir.



**75.000.000** króna fást úr sjóðum Knattspyrnusambands Evrópu til að greiða fyrir endurbætur á flóðlýsingu Laugardalsvallar.

**65,3%** höfuðborgarbúa á aldrinum 18 til 49 ára lesa Fréttablaðið eða nær þrefalt fleiri en þau 22,7 prósent sem lesa Morgunblaðið.



**287.000** krónur þarf að meðaltali að borga fyrir ökunám og bílpróf. Á sama verðlagi kostaði námið 225 þúsund krónur fyrir tíu árum.




**20** ár eru frá afrekinu í Vöðlavík þegar áhafnir tveggja þyrlna björgunarsveita varnarliðsins björguðu sex skipverjum af björgunarskipinu Goðanum sem var strandað og hálfsokkið.



Hvetja til að gæta hreinlætis:

## Óvenjumargir með niðurgang

**HEILBRIGÐISMÁL** Landlæknisembættið segir óvenjumarga hafa greinst með niðurgang af völdum kampýlóbakters undanfarið.

Því hvetur landlæknir fólk til að gæta fyllsta hreinlætis við matreiðslu og neyta einungis ómengaðs vatns.

Sýkingarnar virðast ekki eiga sameiginlega uppsprettu. Matvælastofnun tilkynnti í gær að kampýlóbakter-sýkingar í kjúklingi hefðu verið álíka margar og undanfarin ár. **- ih/skó**



**ELLIÐAÁR** Veiðimenn eru uggandi um búnað sinn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ósáttur fluguveiðimaður:

## Stöngum stolið við Elliðaárnar

**LÖGREGLUMÁL** Tveimur fluguveiðistöngum af dýru merki var stolið af bíl veiðimanns um hábjartan dag við Elliðaárnar á fimmtudag.

Á Facebook-síðu um Elliðaárnar segir Viktor Guðmundsson veiðivörður frá því að tveimur Sage-stöngum hafi verið stolið af bíl við félagsheimili Rafveitunnar í Elliðaárdal. „Elliðaárnefnd vill árétta það við veiðimenn að taka með sér aukastangir eða læsa þær inni í bíl,“ segir Viktor. „Ég varð fyrir þessu í hittiðfyrra og það var þar sem fullt af fólki var að fylgjast með veiðum við gömlu Elliðaárbrúna,“ bætir veiðimaður við í athugasemd. **- gar**

# Íslendingar hugsi yfir hryðjuverkaógn

Íslendingar hafa hringt í sendiráðið í Ósló til að spyrja hvort óhætt sé að ferðast þangað. Íslenski sendiherrann hvetur fólk til þess að kynna sér upplýsingar frá norskum stjórnvöldum áður en það fer. Ekki sé ástæða til að vara við ferðum.

**ÞJÓÐARÖRYGGI** Nokkuð hefur verið um það að Íslendingar hafi hringt í íslenska sendiráðið í Noregi undanfarna daga til þess að spyrja hvort óhætt sé að ferðast þangað til lands.

Yfirvöld í Noregi skýrðu frá því á fimmtudag að hætta væri á hryðjuverkum á næstu dögum þar.

„Það er afskaplega mikilvægt að fólk sem ætlar að koma hérna sé meðvitað um þetta og kynni sér það sem norsk stjórnvöld hafa sagt. Við verðum hins vegar að láta fólkinu það eftir að draga ályktanir líkt og við gerum sjálf,“ segir Gunnar Pálsson sendiherra.

Hann bætir því við að ekki sé á þessari stundu talin nein ástæða til að gefa út viðvaranir til Íslendinga sem ætla að ferðast til Noregs.

Gunnar var sjálfur að koma frá Íran á fimmtudagsmorgun, um það leyti sem norsk stjórnvöld upplýstu um hryðjuverkaógnina í fjölmiðlum. Hann segist ekki hafa orðið var við neitt óeðlilegt á Gardermoen-flugvelli.

Gunnar segir mjög skiljanlegt að Norðmenn bregðist ákveðið við hryðjuverkaógn, því einungis þrjú ár séu liðin frá því að Breivik framdi ódæðin í Ósló og Útey. Norðmenn séu enn í sárum eftir það. „Það voru stjórnvöld gagnrýnd fyrir að hafa ekki séð fyrir eða brugðist nógu skjótt við. Ég held að þeir vilji ekki þurfa að sæta slíkum ákúrum aftur og ætla þess vegna að vera fyrri á ferðinni og gera almenningi grein fyrir þeim vísbendingum sem þau hafa fengið,“ segir Gunnar.

Gunnar segir að hafa verði í huga að margir Óslóarbúa séu núna í sumarleyfi utan Óslóar. Margir þeirra séu í sumarhúsum sínum. Göturnar séu því frekar tómlegar.

„En því er ekki að leyna að fólk hérna er óttaslegið og vill hafa allan vara á,“ segir hann. Lífið gangi samt sem áður sinn vanagang þótt fólk ætli sér að fara varlega næstu daga.



**GÆTA ÖRYGGIS** Vopnaðir lögreglumenn fyrir utan Gardermoen-flugvöll skammt frá Ósló. Óttast er að hryðjuverk verði framin í Noregi á næstunni. NORDICPHOTOS/AFP



> **En því er ekki að leyna að fólk hérna er óttaslegið og vill hafa allan vara á.**
>
> *Gunnar Pálsson sendiherra*

Gunnar segir að ýmsir velti vöngum yfir því hvort hugsanlegir hryðjuverkahópar kunni að láta til skarar skríða á mánudaginn þegar föstuhátíð múslima, Ramadan, lýkur.

Þá bendir Gunnar á að viðvaranir stjórnvalda komi ekki alveg á óvart.

„Öryggisþjónustan hér og varnarmálaráðuneytið hafa litið svo á, allavega undanfarin tvö ár, að hættan af völdum öfgasinnaðra samtaka múslima væri skæðasta ógnin,“ segir Gunnar. Þeir hljóti að hafa eitthvað fyrir sér í því þótt rétt sé að taka fram að ekki séu allir múslimar öfgasinnaðir.

**jonhakon@frettabladid.is**



**VIÐ ÖSKJUVATN** Umferð við Öskju verður takmörkuð áfram. MYND/JARA FATIMA BRYNJÓLFSDÓTTIR

Brýnt að virða merkingar:

## Ferðir við Öskju enn hættulegar

**NÁTTÚRA** Samkvæmt frumniðurstöðum rannsókna er fátt sem bendir til þess að álíka hrun verði úr brúnum Dyngjufalla og varð síðastliðinn mánudag. Þó þykir ástæða til að hafa varann á og verður umferð við Öskju áfram takmörkuð næstu daga.

Í nágrenni við berghlaupið er mikil hætta á skriðuföllum og mun verða að minnsta kosti í ár. Því er fólk hvatt til að virða þær lokanir og merkingar sem eru við Öskju. **- ih**

Rúta sat föst í Steinsholtsá:

## Fimmtán ferðalöngum bjargað

**BJÖRGUN** Rúta með fimmtán farþega sat föst í Steinsholtsá á Þórsmerkurleið í gærmorgun.

Drepist hafði á vélinni og var vatn farið að flæða inn og áin gróf hratt undan rútunni.

Björgunarsveitir frá Hellu, Hvolsvelli og Landeyjum voru kallaðar út auk þyrlu Landhelgisgæslunnar. Landverðir í Básum voru fyrstir á vettvang á dráttarvél og tókst þeim að ná fólkinu úr rútunni og rútunni úr ánni rétt í þann mund er björgunarsveitir komu á staðinn, um hálfri klukkustund eftir að beiðni um aðstoð barst. Engin slys urðu á fólki. **- jhh**






## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**ÁGÆTIS HELGARVEÐUR.** Það ætti að sjást til sólar um allt land hluta úr helginni en víða verður skýjað með köflum. Einhverjir dropar falla á landinu í dag en á morgun ætti að verða þurrt að mestu ef undan eru skildar síðdegisskúrir á Norðausturlandi.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 30° | Friedrichshafen | 23° | New York | 28° |
| Aþena | 33° | Gautaborg | 26° | Orlando | 32° |
| Basel | 23° | Kaupmannahöfn | 26° | Ósló | 29° |
| Berlín | 28° | Las Palmas | 25° | París | 25° |
| Billund | 27° | London | 26° | San Francisco | 23° |
| Frankfurt | 26° | Mallorca | 32° | Stokkhólmur | 27° |




**Á MORGUN** Hæg breytileg átt, hvessir SV-lands um kvöldið.




**MÁNUDAGUR** Strekkingur með S- og A-ströndinni.



**Ingibjörg Karlsdóttir** veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kkolbeins@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is



PIPAR\TBWA • SÍA • 141768

Straumur til Svíþjóðar:

## 80 þúsund hælisleitendur í ár

**SVÍÞJÓÐ** Sænska innflytjendastofnunin gerir ráð fyrir 80-89 þúsundum hælisleitenda til Svíþjóðar á árinu. Samkvæmt spá frá því í apríl var gert ráð fyrir 61 þúsundi hælisleitenda.

Gert er ráð fyrir að fleiri börn og unglingar komi ein til landsins, eða allt að 6.500, en áður var gert ráð fyrir að fjöldinn yrði 4.400.

Ráða á fleiri starfsmenn til stofnunarinnar vegna fjölda umsókna. - ibs

Formaður bæjarráðs segir fulltrúa minnihlutans ofmeta launahækkun bæjarstjórans í Hafnarfirði:

# Segir launahækkun 18 en ekki 31 prósent

**SVEITARSTJÓRNIR** Rósa Guðbjartsdóttir, formaður bæjarráðs í Hafnarfirði, segir ekki rétt að laun nýráðins bæjarstjóra verði 31,5 prósentum hærri en laun forverans eins og fulltrúar minnihlutans bókuðu í bæjarráði á fimmtudag.

Rósa segir hið rétta að heildarlaun bæjarstjóra fari úr 1.250 þúsund krónum í 1.480 þúsund krónur. Samkvæmt því er hækkunin 18,4 prósent en ekki 31,5 prósent.

„Þess ber að geta að eftir hrun voru einstakir liðir í launasamsetningu bæjarstjóra í Hafnarfirði lækkaðir umtalsvert og hefur lítið verið breytt til baka fyrr en nú,“ útskýrir Rósa.

Þá gagnrýnir Rósa oddvita Samfylkingarinnar, Gunnar Axel Axelsson, sem kvaðst hafa sagt sig úr valnefnd vegna ráðningar bæjarstjóra. Segir hann að fulltrúar meirihluta Sjálfstæðisflokks og Bjartrar framtíðar hefðu ákveðið hver yrði ráðinn áður en formlegt mat hefði verið lagt á umsækjendur.

„Fulltrúi minnihlutans tók fullan þátt í öllum undirbúningi ráðningarferilsins, meðal annars í viðtölum við umsækjendur, og gerði engar athugasemdir við feril málsins. Og er því leitt að hann kjósi að láta að því liggja að ekki hafi verið staðið faglega að verki þegar lokaákvörðun var tekin,“ segir Rósa Guðbjartsdóttir. - gar



**RÓSA GUÐBJARTSDÓTTIR** Segir tekið tillit til að nýr bæjarstjóri muni eins og kjörnir fulltrúar sitja fundi í ráðum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**Á GEYSI** Landmótun sf. annast gerð skipulags á svæðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Drög að skipulagi við Geysi lögð fram í Bláskógabyggð:

## Byggðaráð vill hraða verkinu

**SKIPULAGSMÁL Drög að lýsingu á skipulagsverkefninu „Deiliskipulag fyrir Geysissvæðið“ voru lögð fram á fundi byggðaráðs Bláskógabyggðar á föstudag.**

**Byggðaráðið vísaði drögunum til afgreiðslu hjá skipulagsfulltrúa og einnig til fulltrúa Bláskógabyggðar í vinnu við skipulagsmál Geysissvæðisins. „Byggðaráð óskar eftir að afgreiðsla skipulagsnefndar liggi fyrir sem fyrst þannig að hægt verði að taka formlega afstöðu til lýsingarinnar á næsta fundi byggðaráðs.“ Þá var ákveðið að ganga frá samningi við Landmótun sf. um gerð deiliskipulagsins.** - gar




# Árlegt einsdæmi gerðist í Arnarfirði

Hnúðlax kom í silunganet sem nemendur lögðu í Arnarfirði skammt frá kvíum Fjarðalax. Ekki mikið áhyggjuefni, segir sviðsstjóri hjá Veiðimálastofnun. Hnúðlax er upprunalega úr Kyrrahafi en sést hér á hverju ári fyrir tilstuðlan Rússa.

**DÝRALÍF** Einn fiskur úr feng meistaranema sem lögðu silunganet í Arnarfirði í fyrradag, vakti athygli þeirra enda var hann með mikinn hnúð og ófrýnilega tenntur. Þetta var um tveggja kílóa hnúðlax sem er upprunalega kominn úr Kyrrahafi.

Ekki hefur hann þó lagt slíkar vegalengdir að baki því Rússar hófu sleppingar á hnúðlaxi í ám sínum á Kólaskaga og víðar við Hvítahaf í kringum 1960 og fljótlega eftir það fór að bera á honum hér við land. Reyndar er hann ekki sjaldgæfari en svo að hann er hér árlegur fengur að sögn Guðna Guðbergssonar, sviðsstjóra hjá Veiðimálastofnun. „Já, einsdæmin eru alltaf að gerast,“ bætir hann við í gamansömum tóni.

Reyndar er það einungis hængurinn sem er svona auðþekkjanlegur en hrygnunni má auðveldlega rugla saman við sjóbleikju. „Það eru oftast ekki nema gleggstu menn sem þekkja hana frá,“ segir Guðni. Hann segir enga ástæðu til að hafa miklar áhyggjur þótt slíkur flækingur finnist við íslenska ósa. „Það þarf náttúrulega vissan fjölda til og svo þurfa þeir að getað viðhaldið sér. Ég þekki engin dæmi þess að þetta hafi tekist hjá þeim þannig að það séu einhverjir stofnar í ánum en það er ekkert útilokað að það geti gerst.“

Bleiklaxinn, sem er annað nafn yfir hnúðlax, hefur þann háttinn á að seiðin fara út eftir einungis tveimur vikum eftir að hafa klakist út og eru því ekki nema um 2,5 eða 3 sentímetrar þegar þau synda út í haf en okkar lax er á milli tíu til fjórtán sentímetrar þegar hann leggur í hann. Bleiklaxaseiðin eru því auðveld bráð. Ekki er heldur hentuga fæðu fyrir þau að finna. Þetta er meðal þeirra þátta sem standa vexti hans fyrir þrifum hérlendis.

Dyntir náttúrunnar gefa vísindunum stundum lagt nef og fiska verður vart sem ekki eru taldir lifa hér. „Ég veit til þess að grálröndungar hafa veiðst hérna, ég hef séð eina þrjá í gegnum tíðina,“ segir Guðni en heimkynni slíkra fiska eru í Biskajaflóa við Spán og Frakkland.



**NEMENDURNIR MEÐ NÝSTÁRLEGAN FENG** Hér eru þau Chelsey M. Landry og Niklas Karbowski með hinn kynlega lax. MYND/FJARÐALAX

> **Já, einsdæmin eru alltaf að gerast.**
> *Guðni Guðbergsson, sviðsstjóri hjá Veiðimálastofnun.*

Hnúðlaxinn í Arnarfirði veiddu tveir nemendur, þau Niklas Karbowski og Chelsey M. Landry, en þau stunda meistaranám í haf- og strandsvæðastjórnun við Háskólasetur Vestfjarða. Fjarðalax hjálpar til við söfnun gagna og segir Jón Örn Pálsson, þróunarstjóri fyrirtækisins, þetta sýna að laxinn flakki víða og kannski meira en menn telja fyrst þessi var á sundi í botni Arnarfjarðar. jse@frettabladid.is

SFO harmar mistök sem gerð voru í rannsókn á falli Kaupþings á Bretlandi:

# Tchenguiz fær háar skaðabætur

**BRETLAND** Breska efnahagsbrotadeildin (SFO) hefur fallist á að greiða breska kaupsýslumanninum Vincent Tchenguiz þrjár milljónir punda, tæplega sex hundruð milljónir íslenskra króna, í bætur vegna ólögmætrar handtöku í tengslum við rannsókn SFO á falli Kaupþings á Bretlandi.

Þar að auki hyggst SFO greiða lögfræðikostnað Tchenguiz sem er að minnsta kosti þrjár milljónir punda. BBC greinir frá.

David Green, forstjóri SFO, bað Tchenguiz afsökunar á framkomu SFO í hans garð. Green harmar þau mistök sem gerð voru vegna rannsóknarinnar og voru harðlega gagnrýnd af breskum dómstólum í júlí 2012. Green bætti við: „Ég er ánægður með að okkur skyldi hafa tekist að leysa þetta mál án aðkomu dómstóla.“

Rannsókn SFO laut einkum að gríðarlega háum lánveitingum bankans til bræðranna Roberts og Vincents Tchenguiz, fáeinum dögum fyrir fall bankanna. Báðir neituðu bræðurnir að hafa gerst brotlegir við lög.

Rannsókninni var hætt í október 2012, meðal annars vegna mistaka í rannsókninni auk þess sem talið var að ekki væru nægar sannanir fyrir því að saknæmt athæfi hefði átt sér stað.

Enn er óleyst deila Roberts Tchenguiz, bróður Vincents, og SFO sem einnig hefur farið fram á háar skaðabætur vegna rannsóknarinnar. -ih/sks



**SKAÐINN BÆTTUR** Vincent Tchenguiz var handtekinn árið 2011 tengslum við rannsókn á falli Kaupþings. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



STOLTUR SAMSTARFSAÐILI MÝRARBOLTANS
CHEVROLET
DRULLUFLOTTUR SPARK
RÁS 2
MÝRARBOLTALEIKUR RÁSAR TVÖ
Fyrstu verðlaun eru afnot af Spark með skottið fullt af gjöfum. Drullastu til að skrá þig á myrarbolti.is
MÝRARBOLTINN Ísafirði
Spark er klár í leikinn
Chevrolet Spark er sigurvegari; sparneytinn, umhverfisvænn og til í tuskið. Hann spilar fyrir liðið, enda bæði drulluflottur og á drullugóðu verði.
Chevrolet Spark LT | Verð: 1.790 þús. kr.
SPARK
Opið alla virka daga frá 9 til 18
Verið velkomin í reynsluakstur.
Nánari upplýsingar á benni.is
Reykjavík
Tangarhöfða 8
Sími: 590 2000
Reykjanesbær
Njarðarbraut 9
Sími: 420 3330
Akureyri
Glerárgötu 36
Sími: 461 3636
Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

# Óleysanleg deila um landsvæði

Deila Ísraela og Palestínumanna hefur staðið lengi yfir. Landsvæðið sem deilt er um nær yfir 100 þúsund ferkílómetra og er á milli Miðjarðarhafsins og árinnar Jórdan. Hlutdeild Ísraela í landinu hefur stækkað hægt og bítandi eins og sjá má á meðfylgjandi korti. Ekki sér fyrir endann á harðvítugum deilum beggja fylkinga og blóðug átök undanfarinna vikna gefa til kynna að þær muni halda áfram um ókomna tíð.

Freyr Bjarnason
freyr@frettabladid.is



**JERÚSALEM**

**Ísrael** Stjórnvöld í Ísrael vilja ekki skipta hinni helgu borg Jerúsalem upp og segja hana pólitískan og trúarlegan miðpunkt gyðinga. Þau vilja halda sig við Ísraelslög frá 1980 sem kveða á um að „Jerúsalem, sameinuð sem ein heild“ sé höfuðborg Ísraels.

**Palestínumenn** Þeir vilja að Austur-Jerúsalem, þar sem Jórdanar réðu ríkjum þangað til Ísraelar eignuðu sér svæðið 1967, verði höfuðborg palestínsks ríkis. Í gömlu borginni stendur þriðji heilagasti staður íslam, eða al-Asqa-moskan og steinahvelfingin.

**Bandaríkin** Viðurkenna ekki innlimun Austur-Jerúsalem í Ísrael og sendiráð Bandaríkjanna er því í borginni Tel Avív. Barack Obama Bandaríkjaforseti er mótfallinn því að byggt verði húsnæði fyrir Ísraela í Austur-Jerúsalem.

**LANDAMÆRI**

**Ísrael** Benjamín Netanjahú, forsætisráðherra Ísraels, er sammála því að palestínskt ríki eigi að vera til og að Ísraelar verði þess vegna að draga sig frá ákveðnum svæðum á Vesturbakkanum (sem þeir hernámu 1967). Ísraelar vilja að innan landamæra sinna verði engu að síður svæði sem þeir hafa lagt undir sig á Vesturbakkanum og í Jerúsalem.

**Palestínumenn** Vilja að landið sem Ísraelar hernámu 1967, Vesturbakkinn, Austur-Jerúsalem og Gasa, verði framtíðarsvæði Palestínumanna og framtíðar friðarviðræður við Ísrael miðist við hvernig staða mála var fyrir hernámið. Allt það landsvæði sem Ísraelar fái í sinn hlut verði að bæta fyrir með landaskiptum.

**Bandaríkin** Bandaríkjamenn telja að upphaf friðarviðræðna þurfi að taka mið af því hvernig málin stóðu 1967 og að skipti á landi séu nauðsynlegur fylgifiskur þeirra.

## STÆKKUN ÍSRAELSRÍKIS FRÁ ÁRINU 1947 TIL DAGSINS Í DAG




Bretland fékk yfirráð yfir Palestínu og Transjórdaníu eftir fyrri heimsstyrjöldina. Árið 1947 var land í eigu gyðinga um sjö prósenta hluti af Palestínu.

Yfirráðum Bretlands lauk 1948 og SÞ mæltu með því að Palestínu yrði skipt upp í gyðinga- og arabaríki með borgina Jerúsalem sem miðdepil. Arabar voru mótfallnir hugmyndinni.

Ísrael lýsti yfir sjálfstæði 1948 og fimm herir araba réðust inn í landið. Eftir vopnahlé 1949 hertók Jórdanía Vesturbakkann, Egyptaland réð yfir Gasa og Jerúsalem var skipt upp.

Í Sex daga stríðinu í júní 1967 réðust Ísraelar inn á Vesturbakkann, Gasa, Sínaí (sem Egyptar endurheimtu 1982) og Gólanhæðir frá Sýrlandi. Ísrael hernam Gasa en hvarf á brott 2005.

Heimild: U.S. Central Intelligence Agency, wire agencies © GRAPHIC NEWS


FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**FLÓTTAMENN**

**Ísrael** Ísraelar vilja ekki að palestínskir flóttamenn úr fyrri styrjöldum fái að snúa aftur til sinna gömlu heimkynna. Þeir telja að slíkur mannfjöldi myndi leggja Ísraelsríki í rúst. Þess vegna vill Netanjahú að Ísrael verði viðurkennt sem ríki gyðinga.

**Palestínumenn** Opinberlega vilja Palestínumenn að flóttamenn geti snúið aftur og telja þeir annað vera mikið óréttlæti. Samt sem áður hafa reglulega verið uppi viðræður á meðal Palestínumanna um að skaðabætur gætu komið í staðinn. Þeir neita að viðurkenna Ísrael sem ríki gyðinga og segja slíkar hugmyndir óþarfar.

**Bandaríkin** Bandaríkjamenn skilja það að Ísraelar vilji ekki taka við flóttamönnum og vonast til að hægt verði að leysa málið með skaðabótum og þróunaraðstoð fyrir þá sem geta ekki snúið aftur til fyrri heimila sinna.

**ÖRYGGI**

**Ísrael** Öryggismál hafa einnig valdið miklum deilum. Ísraelsk stjórnvöld óttast að Hamas-samtökin myndu nota palestínskt ríki til að ráðast á Ísrael. Þess vegna leggja Ísraelar áherslu á að hafa öryggismál í hávegum, og að ríki Palestínumanna yrði að mestu herlaust.

**Palestínumenn** Þeir telja að öryggi náist með stöðugri tveggja ríkja lausn.

**Bandaríkin** Bandaríkjamenn skilja þörf Ísraela fyrir öryggi en einnig þörfina fyrir palestínskt ríki. Ólíklegt er að hægt yrði að viðurkenna palestínskt ríki sem ekki hefur orðið til eftir samningaviðræður.

*Heimild: Fréttavefur BBC*


NORDICPHOTOS/AFP

NOTAÐIR GÆÐINGAR Í MIKLU ÚRVALI
Opið í dag frá kl. 12-16



Audi A4 2.0 TDI AT
Árgerð 2012, dísil
Ekinn 32.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð
5.190.000,-



MMC Pajero 3.2 Intense
Árgerð 2012, dísil
Ekinn 45.000 km, sjálfsk.
Ásett verð
8.150.000,-



Honda Accord Sport
Árgerð 2007, bensín
Ekinn 88.000 km, sjálfsk.
Ásett verð
1.740.000,-



M.Benz ML320 CDI
Árgerð 2007, dísil
Ekinn 120.000 km, sjálfsk.
Ásett verð
4.890.000,-



Suzuki SX4
Árgerð 2007, bensín
Ekinn 104.000 km, sjálfsk.
Ásett verð
1.490.000,-

Komdu og skoðaðu úrvalið!
Laugavegi 174 | Sími 590 5040
Opið virka daga frá kl. 10-18
og laugardaga kl. 12-16
HEKLA NOTAÐIR BÍLAR

Skíðaðu í austurrísku Ölpunum

# Saalbach-Hinterglemm
# Zell am See
# Flachau & Lungau



Frá kr.
**108.900**
m/bókunarafslætti

Allt að
**15.000 kr.**
**bókunarafsláttur**
til 11. ágúst 2014
allir gististaðir, valdar dagsetningar.

## Saalbach-Hinterglemm

Eitt stærsta samliggjandi svæðið!



Hotel Saalbacherhof
Frá kr. 189.900 m/hálfu fæði

Netverð á mann frá kr. 189.900 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herbergi.
Netverð á mann frá kr. 215.900 m.v. 2 fullorðna í herbergi. 24. janúar í 7 nætur.

## Zell am See

Fjölbreytt skíðasvæði fyrir alla!



Hotel Alpinresort
Frá kr. 125.200 m/hálfu fæði

Netverð á mann frá kr. 125.200 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herbergi.
Netverð á mann frá kr. 141.900 m.v. 2 fullorðna í herbergi. 24. janúar í 7 nætur.

## Flachau

Eitt stærsta skíðasvæði Austurríkis!



Hotel Unterberghof
Frá kr. 120.900 m/hálfu fæði

Netverð á mann frá kr. 120.900 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í fjölskylduherbergi.
Netverð á mann frá kr. 164.900 m.v. 2 fullorðna í herbergi. 28. febrúar í 7 nætur.

## Lungau

Frábært skíðasvæði fyrir fjölskylduna!



Skihotel Speiereck
Frá kr. 108.900 m/hálfu fæði

Netverð á mann frá kr. 108.900 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herbergi.
Netverð á mann frá kr. 117.900 m.v. 2 fullorðna í herbergi. 28. febrúar í 7 nætur.

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

ENNEMM / SÍA / NM63751

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Akureyri • Sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

Heimsferðir

Í dag skulum við öll vera druslur:

# 3%

Druslugangan verður haldin í fjórða sinn í dag. Gengið verður frá Hallgrímskirkju klukkan tvö en einnig verður gengið á Akureyri, Ísafirði og í Vestmannaeyjum. Að lokinni göngu verða haldnir tónleikar í miðbæ Reykjavíkur. Druslugangan er þarft framtak sem á rætur sínar að rekja til Toronto og var fyrst haldin þar í borg 3. apríl 2011. Tilefnið var að í janúar það ár lét lögreglustjóri nokkur í Toronto, Michael Sanguinetti að nafni, hafa það eftir sér að hann vissi vel að hann ætti kannski ekki að segja þetta en gerði það samt: „Konur ættu að forðast að klæða sig eins og druslur til þess að verða ekki fórnarlömb.“



**Mikael Torfason**
mikael@frettabladid.is

Eins og gefur að skilja þá vöktu þessi ummæli hörð viðbrögð og að sögn Maríu Lilju Þrastardóttur, eins af skipuleggjendum göngunnar hér á landi, fundu konur í Kanada sig knúnar til að mótmæla þessu harðlega. María Lilja segir jafnframt að sama orðræða hafi komið upp hér á landi eins og frægt er orðið. Í Íslandi í dag í vikunni sagðist hún einnig ánægð með að gangan fari stækkandi ár frá ári enda snertir málefnið okkur öll.

Reykjavíkurborg er í ár styrktaraðili göngunnar og er það vel. Dagur B. Eggertsson borgarstjóri sagðist í Íslandi í dag í vikunnu alltaf hafa verið mikill stuðningsmaður göngunnar því honum „finnst svo heilbrigt að færa ábyrgðina frá fórnarlömbum kynferðisofbeldis yfir til geranda“. Taka má undir þessi orð því alltof lengi hafa fórnarlömb kynferðisofbeldis þurft að sitja ein uppi með ábyrgðina. En skömmin er ekki þeirra. Skömmin er þeirra sem fremja ofbeldið og reyndar er skömmin okkar líka. Sem samfélags þá og hvernig við tökum á ofbeldinu.

Í ár er réttarkerfið nokkurs konar þema göngunnar. Sem er gott því við sem samfélag höfum lengi brugðist fórnarlömbum kynferðisofbeldis. Þegar kemur að þessum málaflokki er engu líkara en að okkur sé hreinlega ekki treystandi. Við vitum það öll en einhverra hluta vegna eigum við í stökustu erfiðleikum með að snúa þessu við og standa betur með fórnarlömbum kynferðisofbeldis. Fréttablaðið gerði úttekt á sínum tíma sem sýndi að á þriggja ára tímabildi komu 1.374 kynferðisbrotamál til kasta lögreglunnar. Aðeins var ákært í 71 máli af þessum 1.374. Þessi tölfræði ætti að hryggja okkur öll og gera orðlaus. Hvað þá sú staðreynd að í 29 af þessu 71 máli var sýknað. Það merkir sýknuhlutfall upp á fjörutíu prósent. Sem er í engu samhengi við önnur mál sem koma fyrir dómstóla en þar er dæmt í níu af hverjum tíu málum.

Við skulum hugsa þetta í Druslugöngunni í dag. Hugsa um þá staðreynd að á hverjum degi kemur einhver, systir okkar eða bróðir, frændi eða frænka, og tilkynnir eða kærir kynferðisbrot til lögreglu á Íslandi. Á örfáum árum er um þúsundir fórnarlamba að ræða. Og þetta er okkar fólk, vinir okkar og vinkonur, og kannski við sjálf. Rétt um fimm prósent okkar munu sjá fram á að sá eða sú sem braut á okkur fari fyrir dómstóla. Miðað við sakfellingarhlutfallið geta í heildina aðeins þrjú prósent átt von á að nauðgara sínum sé refsað.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson
**ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
ISSN 1670-3871




## SPOTTIÐ




### AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

## Breytt valdakerfi



Valdakerfi hvers samfélags byggist að miklu leyti á stjórnmálaflokkum og hagsmunasamtökum. Skoðanakannanir og kosningaúrslit síðustu ára sýna að pólitískt mynstur er að breytast. Þetta kemur fram í tvennu: Ný styrkleikahlutföll milli hefðbundnu stjórnmálaflokkanna eru að festast í ákveðnu fari og tengsl þeirra og hagsmunasamtaka hafa að ákveðnu marki raknað upp.

Lifandi tengsl stjórnmála og hagsmunasamtaka þurfa ekki að vera slæm. Þvert á móti geta þau verið mikilvæg forsenda fyrir nægjanlega djúpri og víðsýnni málefnalegri umræðu í samfélaginu. Þessi tengsl eru því aðeins hættuleg þegar þau leiða til þess að ákvarðanir á vettvangi stjórnmálanna mótast af afmörkuðum og þröngum hagsmunum.

Alþýðubandalagið var á sinni tíð eins og margir sósíalistaflokkar eins konar menntamannaútgáfa af verkalýðshreyfingunni. En VG hefur aðeins varðveitt tengsl við tiltekna hópa opinberra starfsmanna en lagt rækt við umhverfisverndarsinna. Alþýðuflokkurinn varðveitti lengi lifandi samstarf við almennu verkalýðsfélögin. Þau virðast hins vegar vera lausari í reipunum í Samfylkingunni.

Styrkur Sjálfstæðisflokksins byggðist lengi á traustum tengslum við allar greinar atvinnulífsins og verulegum ítökum í almennu verkalýðsfélögunum. Núna eru hagsmunatengslin einkum við útvegsmenn og bændur. Framsóknarflokkurinn hafði einnig tengsl við breiddina í atvinnulífinu í gegnum samvinnufélögin en þau eru nú einskorðuð við bændur og að einhverju marki útveginn.

Þannig hafa hagsmunatengsl allra gömlu flokkanna þrengst án þess að annað hafi komið í staðinn. Nýir flokkar sem sprottið hafa upp síðustu áratugi hafa yfirleitt snúist um einstaklinga eða þröng málefnasvið. Kvennalistinn er þar þó undanskilinn.

## Minni flokkar og fleiri

Þeir fjórir flokkar sem í áratugi hafa verið hryggjarstykkið í pólitíkinni eiga hver um sig rætur í hugmyndafræði sem eðlilega hafði áhrif á hagsmunatengsl þeirra. Og svo þarf að taka með í reikninginn að með vaxandi almennri velmegun er hugmyndabaráttan eðlilega ekki jafn skörp og einu sinni var.

Sjálfstæðisflokkurinn er að festast í þeirri stöðu að vera um það bil þriðjungi minni en hann var fyrrum. VG er einnig um þriðjungi minni en Alþýðubandalagið var. Samfylkingin er aftur á móti lítið eitt stærri en Alþýðuflokkurinn. Mesta breytingin er á stöðu Framsóknar. Hún er meir en helmingi minni en gamli Framsóknarflokkurinn.

Kosningasigur Framsóknar í alþingiskosningunum fyrir ári gekk mjög hratt til baka í skoðanakönnunum. Það tap var síðan staðfest í borgarstjórnarkosningunum þó að samanburður við fyrri borgarstjórnarkosningar gæfi aðra mynd.

Þetta eru meiri umskipti en nöfnin á flokkunum fyrr og nú gefa til kynna. Breytingarnar hafa ekki aðeins raskað valdakerfinu heldur sýnast þær einnig hafa veruleg áhrif á það hvernig flokkarnir nálgast pólitísk viðfangsefni. Nýir flokkar hafa svo komið og flestir farið.

Breytt flokkakerfi hefur einnig opnað pólitískt tómarúm að því er varðar utanríkisstefnu landsins og hugmyndir um samvinnu og samstarf við aðrar þjóðir. Þar var Sjálfstæðisflokkurinn áður kjölfesta. Hætt er við að það hafi meiri langtímaáhrif en menn sjá í augnablikinu þegar kjölfestan hverfur úr utanríkispólitíkinni.

## Pólitík án kjölfestu

Ýmsir sjá kosti við marga og smáa flokka. En reynsla annarra þjóða bendir ótvírætt til þess að slíku pólitísku mynstri fylgi að jafnaði meiri lausung þó að ekkert sé algilt í þessum efnum. Ábyrg langtímasjónarmið víkja þá gjarnan um leið og skammtíma popúlístísk mál verða meira ríkjandi. Pólitíska breytingin á Framsókn samfara minnkun hennar er gott dæmi þar um. Vinstri stjórnin hefði trúlega ekki lent jafn þversum gagnvart verkalýðshreyfingunni og atvinnulífinu nema fyrir þá sök að tengslin við gamla baklandið höfðu trosnað. Þá verður að telja ólíklegt að Sjálfstæðisflokkurinn hefði keypt samstarfið við Framsókn jafn dýru verði og raun bar vitni í fjármálum og peningamálum ef hann hefði haldið fyrra vægi.

Í stórum flokkum hugsa menn frekar til þess að vinna í haginn fyrir næsta kjörtímabil því að þeir hafa meiri möguleika á að halda áfram eða komast að síðar og svo týnast þeir síður í stjórnarandstöðu. Í minni flokkum er meir um að aðild að ríkisstjórn í eitt kjörtímabil sé tækifæri lífsins. Þá freistar popúlisminn.

Flokkakerfi breytast eðlilega með nýjum aðstæðum. Það er jákvætt og stundum nauðsynlegt til þess að komast megi hjá stöðnun. En flokkakerfið er að því leyti líkt skipum að það þarfnast kjölfestu. Það á líka við á breytingatímum. Hættan við þá gerjun sem nú á sér stað er helst sú að báðir vængir stjórnmálanna verði án kjölfestu.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **RITSTJÓRNARFULLTRÚI:** Álfrún Pálsdóttir *alfrun@frettabladid.is* **VIÐSKIPTI:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Lilja Katrín Gunnarsdóttir *liljakatrin@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*




Í tilefni af 40 ára afmæli VW Golf bjóðum við nokkra sérútbúna Comfortline og Highline bíla á einstöku tilboðsverði. **Við höfum opið í dag klukkan 12 til 16.** Komdu og tryggðu þér einn pakkaðan af afmælisdóti, tilbúinn á götuna.

| **Golf Comfortline 1.4 TSI sjálfskiptur** | **3.850.000 kr.** |
|---|---|
| **Aukalega í afmælisútgáfu** | |
| • 17" Dijon felgur með sportfjöðrun | |
| • Skyggðar rúður | |
| • Sportsæti | |
| • R-Line útlit | |
| • Xenon ljós með LED dagljósum | |
| • Panoramic sóllúga | |
| **Afmælisbíll með aukabúnaði** | **4.735.000 kr.** |
| **Tilboðsverð** | **4.120.000 kr.** |

| **Golf Highline 1.4 TSI sjálfskiptur** | **4.190.000 kr.** |
|---|---|
| **Aukalega í afmælisútgáfu** | |
| • 17" Dijon felgur með sportfjöðrun | |
| • Skyggðar rúður | |
| • R-Line útlit | |
| • R-Line innrétting | |
| • Xenon ljós með LED dagljósum | |
| **Afmælisbíll með aukabúnaði** | **4.965.000 kr.** |
| **Tilboðsverð** | **4.360.000 kr.** |

CAR OF THE YEAR 2013

WORLD CAR AWARDS 2013
WORLD CAR OF THE YEAR

Das Auto.

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is



**PASA DOBLE -** hornsófi með tungu
Stærð: 375 x D155 x 250
Tunga getur verið beggja vegna.

TAXFREE VERÐ! 446.207 KRÓNUR



**AROS**
stóll,
margir litir

TAXFREE VERÐ! 11.944 KRÓNUR



**AROS**
barstóll,
margir litir

TAXFREE VERÐ! 12.741 KRÓNUR

LAZBOY
*La-z-boy - líklega besta sæti í heimi!*



**EDEN**
La-Z-boy stóll.
Fæst í nokkrum litum.
B:80 D:80 H:102 cm.

TAXFREE VERÐ! 95.609 KRÓNUR



**OREGON**
Hornsófi með tungu
Dökkgrátt slitsterkt áklæði.
Stærð: 310 x 240 H:88 cm
Tunga getur verið beggja vegna.

TAXFREE VERÐ! 318.712 KRÓNUR



**HIMALAYA**
Borðstofuborð.
Gegnheil eik.

TAXFREE VERÐ! 119.512 KRÓNUR

TAXFREE VERÐ!
IVV GLAS 1.585
IVV KANNA 5.968
IVV GLAS 1.346
IVV GLAS Á FÆTI 2.223
KRÓNUR





**VIDIVI** vasar
mikið úrval

TAXFREE VERÐ FRÁ! 6.764 KRÓNUR



**SALT&PEPPER**
Ostabakki

TAXFREE VERÐ! 11.944 KRÓNUR

AVÍK | AKUREYRI | REYKJAVÍK | AKUREYRI | REYKJAVÍK | AKUREYRI | REYKJAVÍK | AKUREYRI | REYKJAVÍK | AKUREYRI I | REYKJAVÍK

– KOMDU NÚNA –

# TAXFREE DAGAR

## 20,32% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM

SÓFAR | SÓFASETT | HÆGINDASTÓLAR | SÓFABORÐ | BORÐSTOFUBORÐ | BORÐSTOFUSTÓLAR | SVEFNSÓFAR | BORÐSTOFUSKÁPAR | BAKBORÐ | HORNBORÐ | ALLSKONAR-SMÁVARA | O.FL. | O.FL.

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 25.5% virðisaukaskatt af söluverði. 20,32% afslátturinn er alfarið á kostnað Húsgagnahallarinnar.

**VESTA** - 3ja sæta tungusófi
Stærð: 300 x 165 H:75 cm
Tunga getur verið beggja vegna -púðar kosta aukalega



TAXFREE VERÐ!
223.099
KRÓNUR



TAXFREE VERÐ!
63.737
KRÓNUR

**HAVANA**
hægindastóll
Margir litir
slitsterkt áklæði.

# HÚSGAGNAHÖLLIN

– Reykjavík – Akureyri –

G Dalsbraut 1 • Akureyri **OPIÐ** Virka daga kl 10–18 og laugardaga 11-16 **EITT SÍMANÚMER** 558 1100

# HELGIN



**Maggi mix, sjónvarpsstjarna og gleðigjafi**

## Vinnur í vefsíðu og hreyfir sig

„Ég er að vinna í nýrri síðu á Facebook undir nafninu Mixarinn, þar gef ég sparnaðarráð og fer yfir þjóðfélagsmálin. Ég ætla líka að hreyfa mig og hjóla mikið og jafnvel kíkir maður í miðbæinn. Það er brjálað að gera hjá kallinum.“



**María Lilja Þrastardóttir fjölmiðlakona**

## Druslugangur

„Helgin mín mun að mestu fara í Druslugang og aðra óhlýðni, en Druslugangan á hug minn allan. Eftir göngu og tónleikadagskrá mun ég svo eflaust lyfta mér upp með öðrum úr skipulaginu og á morgun mæti ég hjá Sirrýju á RÚV.“



**Greta Mjöll Samúelsdóttir söngkona**

## Ættarmótið Erlingur

„Ég er á leiðinni á „mini“ ættarmót sem við fjölskyldan köllum Erling. Þetta eru afkomendur ömmu og afa og ætlum við að hittast í Gulllandinu þeirra við Hellu. Ég ætla svo aðeins að skreppa frá í dag og syngja í fallegu sveitabrúðkaupi.“



**Bjartmar Þórðarson, leikari og leikstjóri**

## Afslappelsi og stybba

„Ég er að þykjast vera í sumarfríi, þannig að rólegheitin verða í fyrirrúmi. Afslappelsi í góðra vina hópi á kaffihúsum miðborgarinnar, út að borða með manninum mínum, jafnvel rölt í gegnum stybbuna í Kolaportinu.“

## FARÐU HLUSTAÐU LESTU HORFÐU...



**MEÐ BÖRNIN Á BARNADAGINN** í Viðey á morgun. Þar verður barnajóga og fjörug barnamessa, skátarnir stjórna leikjum og furðuverur heilsa upp á krakkana.



**Á LAGIÐ TARANTÚLUR** með rappsveitinni Úlfur Úlfur sem er skipuð þeim Arnari Frey og Helga Sæmundi. Góð upphitun fyrir plötuna þeirra sem kemur út í október.




**ÍSLENSK ÚRVALSLJÓÐ** valin af Guðmundi Andra Thorssyni. Bók sem inniheldur úrval gamalla íslenskra ljóða og hvað er nú huggulegra í rigningunni en sitja við kertaljós og lesa ljóð fyrir ástina sína?

**Á THE IDES OF MARCH** á RÚV í kvöld kl. 23.10. Pólitískur priller í leikstjórn George Clooney sem jafnframt leikur annað aðalhlutverkið. Hitt aðalhlutverkið leikur Ryan Gosling og Philip Seymour Hoffman heitinn á stórleik í sínu hlutverki. Þessa verður þú að sjá.



# Eru álfar kannski hommar?

**Særún Lísa Birgisdóttir** þjóðfræðingur verður með forvitnilega leiðsögn í Árbæjarsafni á morgun.

Friðrika Benónýsdóttir
fridrikab@frettabladid.is

Ég var beðin að vera með þessa leiðsögn vegna þess að ég skrifaði mastersritgerðina mína um sögu samkynhneigðra á Íslandi í gegnum tíðina og leitaði svolítið í þjóðsögurnar okkar,“ segir Særún Lísa Birgisdóttir þjóðfræðingur, spurð um hvað leiðsögn hennar í Árbæjarsafni á morgun klukkan 15 snúist. „Mig langaði að komast að því hvort það væri hægt að finna einhver merki um samkynhneigð í þjóðsögunum, þótt það væri undir rós.“

Særún segist munu fjalla um hvernig þöggunin hefur verið fylgifiskur samkynhneigðar frá örófi alda og hvað samkynhneigðir eru ósýnilegir í íslenskri sögu. „Ég tengi þetta við huldufólks- og útilegumannasögur. Það sem fólk gat ekki sagt og mátti ekki segja var nefnilega ofið inn í þær, þannig að kannski er hægt, án allrar ábyrgðar, að setja á sig gleraugun og skoða sögurnar okkar út frá þessum sjónarhóli.“

Forsaga málsins er að Borgarsögusafn Reykjavíkur hafði samband við Samtökin '78 í þeim tilgangi að leita upplýsinga um það hvort á einhvern hátt væri hægt að tengja sögu samkynhneigðra við safnkostinn, en það reyndist hægara sagt en gert. „Þeir vissu af mér og mastersritgerðinni og báðu mig að koma og kynna efni hennar. Það er kannski ekki beint hægt að tengja Árbæjarsafn og samkynhneigð en ég ætla að reyna, svona lauslega, að nota safnkostinn til að varpa ljósi á þessa sögu.“

Særún segist hafa komist að því við rannsóknir sínar fyrir ritgerðina að það sé nánast hvergi minnst á samkynhneigða í íslenskum gagnasöfnum. „Það var ekki fyrr en upp úr miðri síðustu öld sem fólk fór að tjá sig um að það hefði þekkt einhverja samkynhneigða áður fyrr.



**SÆRÚN LÍSA BIRGISDÓTTIR** „Ég tengi þetta við huldufólks- og útilegumannasögur. Það sem fólk gat ekki sagt og mátti ekki segja var nefnilega ofið inn í þær.“ FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Reyndar er talað um samkynhneigð í Íslendingasögunum, þar var versta níð sem hægt var að segja um mann að hann væri argur, en eftir siðaskipti hverfa þeir gjörsamlega úr heimildum. Ef einhver var grunaður um að hneigjast mögulega til sama kyns var talað um að hann væri þjófóttur, eða eitthvað annað fundið á hann. Hann er góður til kvenverka, var stundum sagt um þá og mjög snyrtilegir, sem þótti sérstakt, en það er aldrei sagt hreint út að þeir séu hommar.“

Hvað samkynhneigðar konur varðar segir Særún þær algjörlega vanta í þjóðsögur og heimildir. „Þær eru algjörlega ósýnilegar. Ég fann nákvæmlega ekki neitt um samkynhneigðar konur. Það virðist bara engum hafa dottið það í hug að konur gætu hneigst til sama kyns.“

> **Ef einhver var grunaður um að hneigjast mögulega til sama kyns var talað um að hann væri þjófóttur, eða eitthvað annað fundið á hann.**

# Aldrei að vita hvað gerist á sviðinu

Mr. Silla frumflytur efni af nýrri sólóplötu í Mengi í kvöld. Hlakkar til að fá viðbrögð áheyrenda í fyrsta sinn.

„Þetta verður að mestu leyti nýtt efni af sólóplötu sem ég er að vinna,“ segir Sigurlaug Gísladóttir, öðru nafni Mr. Silla, um dagskrá tónleikanna sem hún heldur í Mengi í kvöld. „Ég hef aldrei spilað þessi lög fyrir áhorfendur áður og hlakka mikið til.“

Mr. Silla er nafnið sem Silla notar þegar hún kemur fram ein en hún segir það ekki hafa neina karllæga merkingu. „Þetta er bara gælunafn sem vinur minn byrjaði að kalla mig fyrir fyrir mörgum árum og það festist við mig þannig að ég ákvað að nota það sem listamannsnafn.“

Auk sólóferilsins kemur Silla fram með múm, Snorra Helgasyni, Mice Parade og Low Roar þannig að hún hefur nóg að gera í tónlistinni. Reyndar er hún líka útskrifaður myndlistarmaður úr LHÍ og hefur unnið töluvert við myndlist, en segir tónlistina hafa orðið ofan á. „Stundum samræmi ég nú tónlistina og myndlistina, þetta skiptist töluvert á.“

Myndlistarkonan skín í gegn í búningum Sillu á sviði, sem hún segist hafa lagt mikið upp úr í gegnum tíðina, en hún segist reyndar ekki enn vera búin að ákveða í hverju hún ætli að vera í kvöld, það sé minna atriði en áður. „Ég er svona aðeins að þreifa fyrir mér að spila þetta „læf“ í kvöld, en það er aldrei að vita hvað gerist á sviðinu.“ - fsb

**MR. SILLA** „Þetta er bara gælunafn sem vinur minn byrjaði að kalla mig fyrir mörgum árum og festist við mig.“



FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# RÝMINGAR SALA Á SUMARVÖRUM

**Allt að 50% afsláttur**

**ALLT Á AÐ SELJAST!**

GARÐHÚSGÖGN 30%
FERÐAHÚSGÖGN 40%
SUMARBLÓM 20-50%
TRÉ OG RUNNAR 50%
TJÖLD 30%
GARÐLEIKFÖNG 40%
REIÐHJÓL 30%
REIÐHJÓLAHJÁLMAR 50%
BLÓMAÚTIPOTTAR 30%
GOSBRUNNAR 30%
FRÆ 30%
GARÐSTYTTUR 30%
OG ÓTAL MARGT FLEIRA

EINNIG ÚTSALA
Í MÖRGUM VÖRUFLOKKUM:

GARÐVERKFÆRI 20%
HEKKKLIPPUR 25%
CLABER GARÐVÖRUR 40%
KEÐJUSAGIR 25%
ÚTIVISTARFATNAÐUR 30-50%
BÚSÁHÖLD 30-50%




OUTBACK

**GASGRILLIÐ FYLGIR!**
Ef þú kaupir pallaefni fyrir 100.000 kr. eða meira færðu Outback gasgrill í kaupbæti.

**GRÍPTU TÆKIFÆRIÐ OG TRYGGÐU ÞÉR SUMARVÖRUR MEÐ AFSLÆTTI!**

blómaval

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

Afsláttur gildir ekki af vörum merktum Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar.
Úrval af rýmingarsöluvörum getur verið misjafnt milli verslana.



**AFTUR Á SVIÐ** Halldóra Björnsdóttir er komin aftur í leiklistina eftir sex ára hlé. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# TÓK RÓMANTÍKINA FRAM YFIR LEIKHÚSIÐ

**Halldóra Björnsdóttir** leikkona hvarf af sviði Þjóðleikhússins fyrir sex árum og flutti vestur á firði með manni sínum. Í haust snýr hún aftur á svið í nýju íslensku verki, Róðarí, sem sýnt verður í Tjarnarbíói. Hún segir að sumum þyki kannski gamaldags að elta manninn sinn frekar en starfsframann en hún kjósi að kalla það rómantík.

## Róðarí boðar endurkomu margra leikkvenna

Róðarí er nýtt verk eftir **Hrund Ólafsdóttur** og persónur verksins eru fjögur systkini á miðjum aldri og móðir þeirra á tíræðisaldri. Engin persóna er undir fimmtugu, sem ekki er algengt að sjá í íslensku leikhúsi.

Halldóra er ekki eina leikkonan sem ekki hefur sést á sviði lengi og leikur í verkinu því meðleikkonur hennar eru **Anna Kristín Arngrímsdóttir**, **Guðbjörg Thoroddsen og Margrét Guðmundsdóttir.** Eina karlhlutverkið í leikritinu er í höndum **Kolbeins Arnbjörnssonar.**

Leikstjóri er **Erling Jóhannesson** og frumsýnt verður í september.

**Friðrika Benónýsdóttir**
fridrikab@frettabladid.is



Halldóra er á hraðferð í borginni, kom frá Ísafirði kvöldið áður og er á leið úr landi morguninn eftir, þegar ég hitti hana á kaffihúsi Tjarnarbíós í vikunni. Tjarnarbíó verður vinnustaður hennar í haust en enn sem komið er býr hún á Ísafirði þar sem maður hennar er sýslumaður. Var það ekkert erfið ákvörðun að yfirgefa blómstrandi starfsframa í leikhúsinu og flytja vestur á firði?

„Þetta gerðist allt óskaplega hratt. Ég var búin að vera á samningi í Þjóðleikhúsinu í sautján ár og byrjuð að æfa Sumarljós og svo kemur nóttin eftir Jón Kalman Stefánsson vorið 2008 þegar maðurinn minn, Úlfar Lúðvíksson, var ráðinn sýslumaður á Patreksfirði. Fyrst ætluðum við að hafa þetta þannig að hann færi þangað með miðdóttur okkar og ég yrði í borginni með hin börnin tvö. En einn daginn þegar ég var að skúra heima hjá mér gerðist eitthvað innra með mér og ég vissi að ég yrði að fara með honum, hringdi í Tinnu þjóðleikhússtjóra og fékk leyfi frá störfum í eitt ár. Þetta var í kringum verslunarmannahelgina og 18. ágúst stóð ég inni á kennarastofu á Patreksfirði, orðin kennari, og hugsaði: Hvað er ég eiginlega að gera hérna?“

> Það sem gerist líka ef maður býr lengi úti á landi er að maður mætir sjálfum sér og þarf að takast á við sig. Það vakna jafnvel hjá manni nýjar tilfinningar.

### Gamaldags að elta manninn

Halldóra var ráðin umsjónarkennari við fjórða bekk grunnskólans auk þess að kenna öllum bekkjum leiklist. Hún er fædd og uppalin í Reykjavík en segir vera í sér mikið flökkueðli og að henni hafi ekkert vaxið í augum að flytja vestur á firði, þótt hún hefði aðeins einu sinni komið á Patreksfjörð áður og aldrei til Ísafjarðar. „Við höfðum áður búið úti á landi á sumrin, sex sumur á Höfn í Hornafirði og tvö sumur í Borgarnesi, auk þess sem ég var alltaf í sveit á sumrin sem krakki, þannig að ég vissi nú nokkurn veginn hvað ég var að fara út í. Það var líka tekið mjög vel á móti okkur og eftir nokkra daga þekkti maður nánast alla í bænum enda fór Úlfar beint að vinna á sýsluskrifstofunni, ég að kenna í grunnskólanum, dóttir okkar fór í 7. bekk og sonur okkar í leikskólann svo maður var strax orðinn þátttakandi í bæjarlífinu.“

Tveimur árum síðar flutti fjölskyldan til Ísafjarðar þar sem Halldóra setti upp nokkur leikrit, bæði með Litla leikklúbbnum og Leikfélagi menntaskólans, en hún steig aldrei á svið sjálf fyrir vestan. Var það meðvituð ákvörðun að leggja leiklistina á hilluna eða réðu örlögin því að hún féll í skuggann? „Eiginlega bæði. Ég get sagt þér fallega sögu sem útskýrir þetta ágætlega. Þegar ég var að leikstýra krökkunum í Menntaskólanum á Ísafirði spurðu þau mig: Halldóra, hættirðu bara í Þjóðleikhúsinu og fluttir með manninum þínum út á land? Og ég sagði auðvitað eins og var að ég hefði elt manninn minn og spurði svo hvort þeim fyndist ég gamaldags. Þá svaraði ein stúlkan: Nei, mér finnst þetta rómantískt. Og ég hef bara haldið mig við þá skýringu.“

### Af hverju er ég Björnsdóttir?

Halldóra sér ekki eftir því að hafa tekið þá ákvörðun að láta rómantíkina ráða en viðurkennir að það hafi ekki alltaf verið auðvelt. „Mér finnst fjöllin á Vestfjörðum erfið. Fólk er alltaf að tala um hvað fjöllin séu yndisleg og haldi vel utan um mann en mér finnst þau alltaf um það bil að detta ofan á mig. Hins vegar eru Vestfirðir jafnyndislegir á sumrin og þeir eru erfiðir stundum á veturna. Það sem gerist líka ef maður býr lengi úti á landi er að maður mætir sjálfum sér og þarf að takast á við sig. Það vakna jafnvel hjá manni nýjar tilfinningar. Mannlegar tilfinningar eru náttúrulega mitt áhugamál og mér finnst þær mjög spennandi viðfangsefni. Sú hugsun sem verður áleitin þegar maður lifir við allt aðrar aðstæður en maður er vanur er: Úr hverju er ég? Hvað hefur mótað mig?

Sú spurning hefur svo sem sótt að mér áður því foreldrar mínir sögðu mér í kringum sex ára aldurinn að pabbi minn, Gunnar Hafsteinn Þórisson sem ég hafði alist upp hjá, væri fósturpabbi minn en blóðfaðir minn væri Björn Þórarinsson sem ég þekkti þá ekki neitt. Sú vitneskja ruglaði mig í ríminu. Krakkarnir höfðu spurt af hverju ég héti Halldóra Björnsdóttir þegar pabbi minn héti Gunnar og við því átti ég ekkert svar. Og í framhaldinu vildi ég láta breyta nafninu mínu í Halldóra Gunnarsdóttir. Þá sagði Gunnar þessi orð sem ég gleymi aldrei og eru eitt af því sem hefur mótað mig: „Halldóra mín, það er alveg sama hvers dóttir þú ert, mér þykir alltaf jafnvænt um þig og þú munt vilja þekkja uppruna þinn.“ Þar með þurfti ég ekki að hugsa meira um það, átti minn pabba sem var Gunnar og vissi af Birni sem ég hef svo verið að kynnast hin síðari ár. Ég er Gunnari ævarandi þakklát og elst svo upp hjá þeim mömmu, Loftveigu Kristínu Kristjánsdóttur, ásamt Sólveigu og Grími, yngri systkinum mínum. Í þeirra fjölskyldum var enginn sem lagði út á listabrautina. Björn aftur á móti er tónlistarmaður og þaðan hef ég líklega listagenið. Ég man eftir því að hafa staðið sem unglingur og horft á hendur mínar og fætur og tekið þá ákvörðun að það væri skylda mín að sýna fólki hvað ég gæti og hvað tilfinningaskalinn er stór. Það var sennilega grunnurinn að þeirri ákvörðun að leggja fyrir mig leiklistina.“

### Reyndi á þolmörkin

„Ég sé ekki eftir því í eina mínútu að hafa látið rómantíkina ráða og fylgt Úlfari vestur en í hjarta mínu verð ég alltaf leikkona. Það er það sem ég stend fyrir, hvort sem ég er á sviði eða ekki. Allt sem ég geri tengist leiklistinni og ég er búin að gera það upp við mig að ég get aldrei yfirgefið hana. Þegar ég tók þá ákvörðun að fara var ég reyndar búin að vera að leika mjög mikið lengi og var alveg tilbúin í smá frí, en vissi samt ekkert út í hvað ég var að fara eða hvað þetta yrði langur tími. Þetta voru ákveðin þolmörk og ég fór alveg allan skalann.“

Nú eru aftur breytingar fram undan hjá fjölskyldunni því sýslumannsembættin á Vestfjörðum hafa verið sameinuð svo þar verður aðeins einn sýslumaður. Halldóra segist ekki vita hvert leiðin liggur næst, en hún tók sig reyndar upp síðastliðið haust og hóf mastersnám í kennslufræðum listgreina við Listaháskólann. Hún hefur því verið með annan fótinn í borginni síðasta árið og í september mun hún stíga á svið í Tjarnarbíói, í leikritinu Róðarí eftir Hrund Ólafsdóttur, eftir sex ára fjarveru frá leiklistinni. Hún segist hafa þurft að hugsa sig dálítið um áður en hún ákvað að taka hlutverkið að sér. „Þjálfunin er öll þarna enn þá en ég finn alveg að líkaminn og röddin láta ekki alveg að stjórn svo þetta er pínu átak. Ég veit ekkert hvort það verður framhald á því að ég leiki, það liggur í eðli starfsins að maður veit í mesta lagi hvað maður fær að gera eitt ár í senn, svo það verður bara að ráðast hvert framhaldið verður.“


ego dekor
MIKIÐ ÚRVAL AF FALLEGUM HÚSGÖGNUM
MADISON tungusófi
Stærð: 286X164cm
Verð: 188.100,-
CALISTO tungusófi
Stærð: 290X188cm
Verð: 212.400,-
ERIC skenkur
Breidd: 170cm Verð: 149.900,-
Breidd: 224cm Verð: 209.900,-
ARES 3ja sæta sófi
Breidd: 198cm
Verð: 129.900,-
ERIC TV skenkur
Breidd: 210cm
Verð: 149.900,-
Glersófaborð -3 saman
Stærð: 110X60cm
Verð: 78.000,-
KUND tungusófi
Stærð: 303X168cm
Verð: 238.500,-
COE armstóll
Verð: 108.000,-
SONATA stóll
Verð: 25.900,-
CHESTER stóll
Verð: 19.900,-
CHESS armstóll
Verð: 78.000,-
MONET stóll
Verð: 19.900,-
VERONA armstóll
Verð: 35.000,-
Opið mán - fös: 10.00 - 18.00
Opið um helgina: Lau 10.00 - 16.00 Sun Lokað
Ego Dekor - Bæjarlind 12
www.egodekor.is

# Í heimahögum bláklukkunnar



Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is

Á Austurlandi eru átta bæir og þorp sem urðu til vegna sjósóknar íbúanna og Egilsstaðir og Fellabær, hvor sínum megin við Lagarfljótið, eru miðstöðvar hins gróðursæla Fljótsdalshéraðs. Fjærst sjó er byggðin í Hrafnkelsdal sem nær allt að 100 kílómetra inn til landsins. Náttúran er fjölbreytt á svæðinu og þar eru aðalheimkynni hreindýra og bláklukku.




**SEYÐISFJÖRÐUR** Aldagamall útgerðar- og kaupstaður og nú aðalhöfn farþegasiglinga til og frá landinu. Þar er einnig miðstöð myndlistar á Austurlandi, Bláa kirkjan og Kaffi Lára.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## AUSTFIRÐIR OG FLJÓTS-DALSHÉRAÐ




**Útivist og afþreying**

## Víða er vert að stansa, bæði meðfram ströndum og þjóðvegi 1

**2. Skáldin snjöllu**
Múlastofa í Kaupvangi á Vopnafirði er tileinkuð lífi og list bræðranna Jóns Múla og Jónasar Árnasona. Í fónum, á skjáum, í glerkössum og á veggjum er skemmtilegt efni að hlýða og horfa á, skoða og lesa. Opið er frá 10 til 22.

**3. Selirnir á Héraðssandi**
Selaskoðun á hestum er eitt af því sem boðið er upp á í Húsey í Hróarstungu. Þótt flestum hestum þyki selalykt vond eru Húseyjarhestar orðnir vanir henni. Ekki láta þeir heldur kjóann eða skúminn koma sér úr jafnvægi er þeir verja sinn garð.

**4. Kjarval og Kristur**
Kjarval ólst upp á Borgarfirði eystra og hver sem þangað kemur ætti að skoða kirkjuna því hún skartar altaristöflu eftir meistarann. Þar er Kristur að blessa mannfjölda í borgfirsku landslagi.

**5. Flottur foss**
Hengifoss í Fljótsdal er einn af hæstu og tígulegustu fossum landsins og í berginu umhverfis hann eru fagurrauðar rendur milli blágrýtislaga. Hengifoss hefur það líka sér til gildis að auðvelt er að komast að honum eftir göngustíg og jafnvel hægt að tylla sér á bekk á leiðinni.







FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**6. Klassískt rokk**
Verslunin Tónspil að Hafnarbraut 22 í Neskaupstað er með eitt ríkulegasta úrval klassísks rokks á Íslandi. Þar eru yfir 5.000 titlar af geisladiskum, auk vínyls.

**7. Margt býr í steinunum**
Steinasafn Sörens og Sigurborgar á Eskifirði geymir margan dýrgrip. Sigurborg sýnir gestum safnið og ef fjöldinn er ekki of mikill býður hún þeim að skoða heimili sitt uppi á næstu hæð á Lambeyrarvegi 5, síminn er 476 1177.




**8. Nestisstopp**
Skammt vestan við bæinn á Reyðarfirði er skjólsælt og vinalegt svæði undir kjarri vöxnum hlíðum Grænafells og þar er góður staður fyrir nestisstopp. Það er líka vinsælt til gönguferða. Áratugum saman gróðursettu reyðfirskir unglingar hver sitt grenitré í Grænafellinu.

**9. Skapandi þorpsbúar**
Salthúsmarkaðurinn á Stöðvarfirði sýnir og selur handverk og aðra staðbundna framleiðslu eftir um 40 manns. Það er rúmlega fimmtungur bæjarbúa. Úrvalið er því fjölbreytt. Opið alla daga frá 11 til 17. Stutt er svo að skreppa í kaffi í gamla kaupfélagshúsinu hinum megin við götuna.



## Allir út að róa

**10. Fjölskyldan** Sigling á kajökum er sport sem fjölskyldan getur skemmt sér við. Á Seyðisfirði er Hlynur Oddsson með kajakleigu á Lóninu fyrir neðan Hótel Snæfell. Það fer eftir aldri gesta hvort dólað er kringum eyju á Lóninu eða farið út fyrir það og meðfram ströndinni. Hlynur er alltaf sjálfur með í för og mest með sjö kajaka í einu.

**Neytum og njótum**

## Léttir réttir úr hráefni í heimabyggð

**11. Við smábátahöfnina**
Sumarlína er kósí kaffihús og veitingastaður á Fáskrúðsfirði sem státar af útsýni út á fjörð og inn í dal. Fyrir utan kaffi og kruðerí eru margs konar réttir á matseðli, sá vinsælasti er sjávarréttur borinn fram í baguette-brauði. **Opið er milli klukkan 11 og 22 en grillinu er lokað klukkan 21.**

**12. Notar Vallanesbygg**
Í Miðvangi 2 á Egilsstöðum og rétt við þjóðveg 1 er veitingahúsið Salt með kaffi, kökur og létta rétti. Þess má geta að lífrænt bygg frá Vallanesi er notað í súpubrauð og bökur. Borð eru bæði utan dyra og innan, meðal annars í litlum glerskála. **Opið frá klukkan 10 til 22 nema á sunnudögum frá klukkan 12 til 22.**



# VILTU VINNA Í TÖLVULISTANUM ?

## SÖLUFULLTRÚI Á SUÐURLANDSBRAUT

**Verslun Tölvulistans á Suðurlandsbraut 26 er ein stærsta og glæsilegasta tölvuverslun landsins með þúsundum tölvuvara frá flestum af þekktustu tölvuframleiðendum heims. Vegna aukinna vinsælda verslunarinnar leitum við að fleiri skemmtilegum og þjónustulunduðum tölvusnillingum til að bætast í hóp sölufulltrúa í fullu starfi.**

**Tölvulistinn hefur á að skipa tugum frábærra sölufulltúa í átta verslunum um allt land. Starfið felst í að taka á móti viðskiptavinum okkar og veita þeim framúrskarandi þjónustu með góðu viðmóti og sterkri tækniþekkingu.**

**Við ráðningu nýrra starfsmanna leitum við helst eftir þeim eiginleikum sem einkenna okkar bestu starfsmenn.**

**BRENNANDI ÁHUGI.** Það er mikilvægt að hafa mikla tölvuþekkingu sem starfsmaður í tölvuverslun með fjölbreytt vöruúrval. Okkar bestu starfsmenn hafa brennandi áhuga tölvum og tækni. Ofurnördar sem fylgjast stöðugt með nýjungum og hafa yfirgripsmikla tölvuþekkingu.

**ÞJÓNUSTULUND.** Starfsmenn sem kunna að veita góða þjónustu og búa yfir góðum samskiptahæfileikum er það sem við leitum að. Tækniþekking og þjónustulund er besta blandan.

**JÁKVÆTT HUGARFAR.** Við leggjum mikið upp úr því að hafa hjá okkur góðan starfsanda. Til þess að það takist er jákvæðni starfsmanna lykilatriði. Við viljum ráða til okkar starfsfólk sem nálgast verkefnin með jákvæðu hugarfari.

**DUGNAÐUR.** Það getur verið krefjandi að vinna í stórri tölvuverslun þar sem daglega er mikið að gera. Okkar starfsmenn eru kraftmiklir og duglegir við að sinna þeim margvíslegu verkefnum sem falla til á hverjum degi. Við gerum sömu kröfur til þeirra sem við bætum í hópinn.

**ÁREIÐANLEIKI.** Við viljum starfsfólk sem er samviskusamt og stundvíst. Fólk sem samstarfsmenn geta treyst á að leysi sín verkefni vel og mæti á réttum tíma.

**SAMSKIPTAHÆFILEIKAR.** Okkur finnst lykilatriði að viðskiptavinir okkar fái góðar útskýringar á þeim búnaði sem við seljum, hvort sem viðkomandi hefur mjög mikla tækniþekkingu eða litla. Góðir samskiptahæfileikar eru því mikilvægir. Umsækjandur þurfa einnig að tala góða íslensku og vera vel máli farnir.

**Hvetjum áhugasama af báðum kynjum sem uppfylla þessi skilyrði til þess að fylla út rafræna umsókn á heimasíðu okkar tl.is**




tl.is

TÖLVU LISTINN

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **REYKJAVÍK** | **AKUREYRI** | **HÚSAVÍK** | **EGILSSTAÐIR** | **KEFLAVÍK** | **SELFOSS** | **AKRANES** | **HAFNARFJÖRÐUR** |
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 30 | GARÐARSBRAUT 18A | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | ÞJÓÐBRAUT 1 | REYKJAVÍKURVEGI 66 |
| Sími 414 1700 | Sími 414 1730 | Sími 464 1600 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | SÍMI 431 3333 | Sími 414 1750 |

# ÉG ER BARA Í MÍNU EIGIN LIÐI

**Þór Eldon** var einn stofnenda Medúsuhópsins og meðlimur í hinni goðsagnakenndu hljómsveit Fan Houtens Kókó. Nú er kominn út hljómdiskur með efni sveitarinnar, þrjátíu árum eftir að hún leystist upp.



Friðrika Benónýsdóttir
fridrikab@frettabladid.is

Þór Eldon hefur komið víða við á ferlinum, gefið út ljóðabækur, leikið í frægum hljómsveitum, unnið sem pródúsent hjá Smekkleysu og samið kvikmyndatónlist, svo nokkuð sé nefnt. Upphafið að þessu öllu má rekja til hóps unglinga í Breiðholti sem sótti fyrirmyndir til frönsku súrrealistanna. Hvernig fengu unglingar í Breiðholtinu þennan ofuráhuga á súrrealistum, áratugum eftir að þeir voru í sviðsljósinu?

„Við lásum mikið, sérstaklega af ljóðum, og það voru til nokkur ljóðasöfn á íslensku þar sem ljóð súrrealistanna voru þýdd. Smám saman fórum við að lesa þessi skáld á ensku, vorum ekki mjög sleipir í frönskunni, og þannig þróaðist þetta bara eðlilega – að því er okkur fannst allavega.“

Medúsuhópurinn varð til í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti þar sem allir meðlimirnir voru við nám. Sjón hafði gefið út sína fyrstu ljóðabók 15 ára en Þór segist hafa verið svo seinþroska að hann hafi verið orðinn tvítugur þegar hans fyrsta bók, Dauðaljóðin, kom út. „Sigurjón hafði náttúrlega áhrif á okkur hina með því að gefa út þessa bók, en við höfðum allir mikinn áhuga á súrrealismanum og fannst það fullkomlega eðlilegt. Þetta var okkar áhugasvið.“

### Bjargað frá íþróttunum

Hljómsveitin með hið sérstæða nafn Fan Houtens Kókó var upphaflega stofnuð til að setja tónlistarbakgrunn við ljóðin á upplestrum. Þór segir engan meðlimanna, nema Einar Melax, hafa kunnað neitt á hljóðfæri en það hafi ekki verið nein fyrirstaða.

„Einar var menntaður tónlistarmaður og hann bjargaði mér frá íþróttabölinu. Ég hafði verið mikið á skíðum og hefði getað farið þá skelfilegu leið að verða skíðamaður. Vendipunkturinn varð þegar Einar sagði mér frá því að hann vissi um rafmagnsgítar til sölu á góðu verði. Þetta var gítar sem Kristinn H. Árnason, sem nú er klassískur gítarleikari, hafði keypt af Valgeiri Guðjónssyni og var að losa sig við. Ég sló til og lærði síðan á gítarinn, selló og smá á píanó. Reyndar fór ég líka í fiðlunám, en það stóð stutt. Það þótti mér alveg ógeðslega leiðinlegt. En ég sem sagt hætti að stunda skíðin til að geta hangið með strákunum, spilað, samið ljóð og rætt um bókmenntir og tónlist.“

Hróður Fan Houtens Kókó breiddist út og þar kom að þeir fengu boð um að spila á tónleikum með helstu pönkhljómsveitum landsins. „Það voru tónleikar í Kópavogsbíói með Fræbbblunum og Utangarðsmönnum og fleiri hljómsveitum. Við vorum reyndar alls ekki pönkhljómsveit en við vorum með nokkur erlend lög sem við gátum selt sem pönk svo við fengum að vera með. Við vorum aldrei með trommara og tónlistin dálítið draumkennd þannig að við pössuðum svo sem ekkert sérlega vel inn í prógrammið, en þetta var mjög skemmtilegt.“

### Nördar með heyrnartól

Spurður hvort þeir hafi ekki bara verið á undan sinni samtíð dregur Þór við sig svarið. „Ég veit það nú ekki, en við fundum ekki mikinn samhljóm með því sem var mest áberandi á þeim tíma. Ekki það að við hefðum eitthvað á móti pönkinu, alls ekki, við vorum bara annars staðar. Við vorum aldrei bílskúrsband, æfðum bara í herbergjum hver annars, allir með heyrnartól því við máttum ekki vera með hávaða. Við vorum bara nördar með heyrnartól sem þótti mjög hallærislegt, en er auðvitað það sem fólk er að gera í dag. Núna þykir það alveg eðlilegt að sitja heima við tölvuna með heyrnartól og búa til tónlist, en þá var þetta ekki normið.

Við gáfum aldrei út disk, bara þessar tvær kassettur sem voru ekki í miklum gæðum og megnið af efninu á þeim er á diskinum Gott bít. Spólurnar sem við tókum upphaflega upp á eru glataðar og bara þessar kassettur til að vinna með. Það var því ekkert hægt að hljóðblanda upp á nýtt, það eina sem hægt var að gera var að þurrka út mesta suðið sem var á kassettunum. Við eigum núna alveg heilan helling af suði sem við gefum kannski út síðar.“

Á geisladisknum Góðu bíti má finna lög af kassettunum Musique élémentaire og Það brakar í herra K frá 1981 og auk þess hljóðritanir frá 1982 sem sumar voru gefnar út á safnkassettunni Rúllustiganum en aðrar hafa aldrei verið gefnar út áður. Allar upptökurnar eru „læf“, ýmist frá tónleikum 1981 eða gerðar í æfingahúsnæði.

Hljómsveitin starfaði í nokkur ár áður en meðlimirnir héldu hver í sína áttina, en kjarninn hefur þó haldið saman. Þór og fleiri úr hópnum voru til dæmis á meðal stofnenda Smekkleysu 1986 og hafa verið viðloðandi hana síðan. Þór segir Fan Houtens Kókó hins vegar aldrei hafa verið lagða formlega niður og það geti alveg komið til mála að koma saman aftur og halda útgáfutónleika. „Það hefur verið rætt, en miðað við að það tók tíu ár að koma þessum diski út þá gæti alveg orðið nokkur bið á því.“

### Stjórnar upptökum sonarins

Eftir að Fan Houtens Kókó leystist upp starfaði Þór með ýmsum



**ÞÓR ELDON** „Við vorum reyndar alls ekki pönkhljómsveit en við vorum með nokkur erlend lög sem við gátum selt sem pönk svo við fengum að vera með.“

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## STIKLAÐ Á STÓRU Í FERLI ÞÓRS ELDON

**LJÓÐABÆKUR**
1983 **Dauðaljóðin**
1984 **Á vængjum hrokans**
1985 **23 hundar**
1986 **Taktu bensín elskan**

**SYKURMOLARNIR**
1986-1992
DISKAR:
1987 **Life's too good**
1989 **Here today, tomorrow last week**
1991 **Stick around for joy**

**UNUN**
1993-1998
DISKAR:
1994 **æ**

**SÓLÓDISKAR OG SAMVINNU**

2005
**loud & clear Too**
*DVD með Tamás Komoróczky*

2006
**Dauðaskammtur**
*með Degi Sigurðarsyni*

2007 **Mina Rakastan Sinua Elvis**
*með Diddu og hljómsveit*

2011 **Leiðin til Kópaskers**
*með Hnotubrjótunum*

**KVIKMYNDA-TÓNLIST**

2002
**Möhöguleikar**
*Heimildarmynd um Sigurð Guðmundsson. Leikstjóri Ari Alexander Ergis Magnússon*

2003
**Ég er arabi**
*Leikstjórar Ari Alexander Ergis Magnússon og Sigurður Guðmundsson*

2005
**Allir litir hafsins eru kaldir**
*Sjónvarpssería. Leikstjóri Anna Th. Rögnvaldsdóttir*

2005
**Gargandi snilld**
*Heimildarmynd um íslenska samtímatónlist. Leikstjóri Ari Alexander Ergis Magnússon*

2007
**Syndir feðranna**
*Heimildarmynd um Breiðavík. Leikstjóri Ari Alexander Ergis Magnússon*

2011
**Petit Cosmonaut**
*Stuttmynd. Leikstjóri Ari Alexander Ergis Magnússon*





## HVER VAR ÞESSI MEDÚSA?

**Medúsa var hópur listamanna sem rakti rætur sínar til Breiðholtsins.**

Stofnaður árið 1979.

Starfaði til um 1986 þegar flestir meðlimir voru farnir að sinna öðrum málum.

Hópurinn gaf út mikið af bókum og hljómsnældum þar sem höfundar sáu sjálfir um alla þætti útgáfunnar.

Hópurinn kenndi sig við súrrealisma, hreyfingu upprunna í Frakklandi sem gaf frá sér sína fyrstu stefnuyfirlýsingu 1924 undir forystu skáldsins André Breton (1896-1966).

Meðlimir Medúsu fengust við myndlist, ljóðlist og tónlist og skipulögðu uppákomur þar sem ljóð voru lesin upp við undirleik hljómsveitarinnar Fan Houtens Kókó þar sem ***Matthías Magnússon*** var aðalsöngvari, ***Ólafur Jóhann Engilbertsson*** spilaði á bassa, ***Einar Melax*** á hljómborð og ***Þór Eldon*** á gítar.

hljómsveitum, Sykurmolunum, Unun, dúettinum Hinu afleita þríhjóli og fleirum. Hann vill lítið tala um tímabilið með Sykurmolunum og þá undarlegu stöðu að ferðast með barnsmóður sinni og fyrrverandi kærustu, Björk Guðmundsdóttur, á tónleikaferðalögum ásamt þáverandi kærustu sinni, Margréti Örnólfsdóttur. „Það var ekkert drama. Við Björk vorum alltaf vinir og svona staða kemur oft upp í vinahópum. Ég nenni alls ekki að fara út í það núna. Verð að fá að geyma eitthvað fyrir ævisöguna.“

Tal um ævisöguskrif leiðir eðlilega af sér þá spurningu hvort hann sé enn að skrifa. „Já, já, ég geri það, en ekki lengur af sömu ástríðu. Ég er yfirleitt alltaf með penna og blokk á mér og alltaf öðru hvoru þá grípur mann eitthvað sem maður þarf að festa á blað. En ég er ekkert að hugsa um útgáfu á því sem ég skrifa. Allavega ekki eins og er. Mér finnst bara skipta máli að skrifa niður það sem hefur áhrif á mig.“

Þór er enn þá einn af eigendum Smekkleysu og sér þar meðal annars um upptökustjórn á plötum. Þessa dagana er hann að ljúka við nýja plötu Sindra Eldon, sonar hans og Bjarkar, sem kemur út í næsta mánuði. „Ég er mjög ánægður með hana. Öll lög og textar eru eftir Sindra og hann syngur og spilar á gítar með hljómsveit sinni The Ways. Það var gaman að vinna með honum, en það var enginn afsláttur gefinn af upptökunum þótt pabbi væri að stjórna.“

**Ekki stórskaðað okkur**

Spurður hvort hann hafi ekkert varað soninn við músíkbransanum segist Þór aldrei hafa gert það. „Allir verða að finna sín takmörk og ég styð hann bara í því sem hann vill gera. Ég trúi því enn þá að til þess að breyta heiminum þá verði maður að skapa eitthvað. Ég er ekkert hrifinn af samtímanum eða vestrænni menningu en ef maður vill hafa áhrif á það hvernig hún þróast verður maður að taka þátt í að breyta henni.“

Þegar Þór er spurður hvort hann aðhyllist þá ákveðna stefnu til dæmis í umhverfismálum neitar hann því. „Ég er bara í mínu eigin liði, en ég styð alla baráttu fyrir betri og náttúruvænni heimi. Ég get samt ekki gengið í skrúðgöngu undir einhverjum merkjum, það er ekki minn stíll.“

Hefur það að hafa dottið í súrrealískar pælingar strax á unglingsárum haft áhrif á það hvernig þú sérð heiminn? „Já, auðvitað hefur það gert það. Ég vil nú ekki segja að þetta hafi stórskaðað okkur, en það mótaði okkur sem einstaklinga, á því er enginn vafi. Án þess að ég ætli að hella mér út í predikun, sem mér hættir reyndar til, þá verður það aldrei endurtekið of oft að það skiptir máli hvað unglingarnir eru að gera. Það er ekkert eðlilegt við það að þau séu að senda hvert öðru klámmyndir af sér til dæmis. Þau gætu verið að gera svo margt annað uppbyggilegra, það þarf bara að benda þeim á aðrar leiðir til að tjá sig. Ég bý alltaf að þessum árum og ég held að þetta stúss hafi gert mig að betri manni.“









## MÓT 2014

**Í sumar var Karlotta á Vestfjörðum að setja upp verkið Mót sem var vígt föstudaginn 20. júní. Verkið var sett upp fyrir tilstilli Staða/Places.**

Sýningarstjórar og skipuleggjendur Staða eru *Eva Ísleifsdóttir* og *Þorgerður Ólafsdóttir*. Þær hafa boðið listamönnunum að vinna ýmist varanleg eða tímabundin verk í samstarfi við sögulega og einstaka staði. Listamennirnir voru valdir með það í huga að verk þeirra endurspegla inntak og þema sýningarinnar, með náttúruna í forgrunni og söguna sem rannsóknarefni, samhliða staðbundinni nálgun.

Listamennirnir sem taka þátt ásamt Karlottu eru *Bjarki Bragason* og *Hrafnkell Sigurðsson* og staðirnir sem eiga í hlut eru Minjasafn Egils Ólafssonar að Hnjóti í Örlygshöfn, Tálknafjörður og Kísilþörungaverksmiðjan á Bíldudal.

Verk Karlottu samanstendur af 13 stöngum sem komið var fyrir í afskekktu dalsmynni suðvestan megin í Tálknafirði.

Efst á stöngunum eru krókar sem á eru festar nokkur hundruð pappírsarkir. Blöðin losna frá með vindinum, fjúka til og finna sér stað í umhverfinu. Eftir nokkurn tíma, einhverja daga, verður til eins konar þrykk af umhverfinu, hvert blað drekkur í sig þann stað sem það lendir á og framkallar með veðuröflunum eins konar mynd af undirlaginu og umhverfinu öllu. Verkið verður til á bilinu milli landsins og pappírsins, fyrir tilstilli veðurafla og umhverfis.

Að lokum er öllum blöðunum safnað saman og stangirnar teknar niður.

## INNANÚR 2013

**Verkið Innanúr var sýnt í Nýlistasafninu í Reykjavík árið 2013. Það var innsetning og gjörningur sem gestir og safnið í heild urðu þátttakendur í.**

Grunnstefið var ljósmynd af saltfjalli sem svo var notuð til að auglýsa viðburðinn. Þegar á safnið kom mættu gestunum slóðar og hrúgur af salti á gólfunum sem dreifðust með ágangi áhorfenda. Á borði voru svarthvít ljósrit sem sýndu Karlottu ganga um safnið og salt leka innan úr fötum hennar í stríðum straumum. Sjálf var hún ekki viðstödd þegar sýningin var opnuð en lét saltið vera vitnisburð um nærveru sína.

Áður hefur hún unnið gjörningaverk sem miðast að því að skilja eftir sem minnstar eftirstöðvar, þar sem ekki eru teknar heimildarmyndir eða hljóðupptökur, eins konar tilraun til að afmá hinn hlutlega eiginleika og efnisgerfingu myndlistar.



# Endurspeglar fjölbreytileika

**Ólöf Skaftadóttir**
olof@frettabladid.is

Ferill Karlottu Blöndal myndlistarkonu endurspeglar þann fjölbreytileika sem er að finna í myndlistinni um þessar mundir. Karlotta er stundum einyrki, eins og flestir myndlistarmenn eru í hugum okkar flestra, en þess á milli vinnur hún í hópi listamanna, jafnvel samkvæmt fyrir fram ákveðnu leiðarstefi. Þar fyrir utan notar hún alls konar efni og mismunandi miðla. Svo tekur Karlotta þátt í að reka söfn og sýningarsali, heima og í útlöndum.

Myndlist Karlottu einkennist af tilraunum með ýmsa hefðbundna miðla og efni, svo sem pappír, vatnsliti, teikningu og gjörninga. Hún nálgast efnið á annan hátt en það er yfirleitt notað en merkingarleg hleðsla hvers miðils, uppsetningin sjálf og samhengi skiptir miklu máli. Samspil tungumáls og myndmáls skipar oft ríkan sess í verkunum. Undanfarin ár hefur hún unnið að söfnun og úrvinnslu gagna úr umhverfinu, til dæmis í gegnum liti og mynstur hreyfinga. Þannig hefur gjörningaformið átt hlut að máli. Það má segja að hver miðill fyrir sig og fyrir hvað hann stendur, saga hans og inntak í sjálfu sér, sé stór hluti verkanna til jafns við samhengið við sýningarstað.

Karlotta er einnig í samstarfi við sex manna hóp fræðimanna og myndlistarmanna sem hverfist um bók Thomas Mann, Töfrafjallið, eða Der Zauberberg. Bókin er lesin sem leiðarstef í könnunarleiðangri og bergmál inn í samtímann. Leiðangurinn hófst á síðasta ári með ferð á það sem áður var berklahæli í Davos í svissnesku Ölpunum þar sem sögusvið hennar er. Hópurinn hefur boðið til sín fjölda fólks til viðræðu í kringum efni og inntak bókarinnar og tengsl þess við líðandi stund en hluta af afrakstri þess mátti sjá á sýningu þeirra í Gallerí Úthverfu á Ísafirði núna í júní. Í ágúst munu félagarnir taka þátt í ráðstefnunni Art in Translation í Háskóla Íslands og gefin verður út bók sem kemur út á næsta ári.

Næsta einkasýning Karlottu verður í Týsgallerí í Reykjavík í byrjun september.

→ Karlotta Blöndal býr í Reykjavík. Hún útskrifaðist með mastergráðu frá Listaháskólanum í Malmö, Lundarháskóla í Svíþjóð árið 2002 og hefur sýnt verk sín víða síðan. Meðfram því ritstýrði hún og gaf út Sjónauka ásamt Önnu Júlíu Friðbjörnsdóttur. Hún hefur tekið þátt í verkefnum tengdum myndlist og setið í stjórn Gallerís Signal í Malmö, Nýlistasafninu í Reykjavík og Myndhöggvarafélaginu í Reykjavík.

## SVIPMYND
## KARLOTTA BLÖNDAL



# FERÐIR

LAUGARDAGUR 26. JÚLÍ 2014

**Kynningarblað**
Þjóðhátíð í Eyjum, Ein með öll, Mýrarboltinn og Innipúkinn







# Haustsól

## Lengdu sumarið með sólarferð í haust

**MARMARIS — 11 NÆTUR**
ÖRFÁ SÆTI LAUS
Brottfarir 31. júlí, 11. og 21. ágúst, 1. og 11. sept.
★★★ LIMAN APART 11.–22. sept.
Íbúð með einu svefnherbergi.
VERÐ FRÁ 108.500 KR.*
Verð 120.000 kr. miðað við tvo fullorðna.
Ath. Flogið heim í gegn um Manchester.

**ALMERIA — 7 NÆTUR**
Brottfarir 29. júlí, 5., 12., 19. og 26. ágúst
★★★ PIERRE VACANCES 19.–26. ágúst
Íbúð með tveimur svefnherbergjum.
VERÐ FRÁ 80.900 KR.*
Verð 101.800 kr. miðað við tvo fullorðna.

**COSTA BRAVA — 7 NÆTUR**
★★★★ COSTA ENCANTADA 8.–15. sept.
Íbúð með einu svefnherbergi og morgunverði.
VERÐ FRÁ 114.900 KR.*
Verð 142.600 kr. miðað við tvo fullorðna.

**ALICANTE/ALBIR — 7 NÆTUR**
★★★ LA COLINA 19.–27. ágúst
Íbúð með tveimur svefnherbergjum.
VERÐ FRÁ 96.700 KR.*
Verð 114.500 kr. miðað við tvo fullorðna.

**TENERIFE — 7 NÆTUR**
★★★ HOVIMA JARDIN CALETA
20.–27. ágúst
Íbúð með einu svefnherbergi og morgunverði.
VERÐ FRÁ 109.800 KR.*
Verð 129.900 kr. miðað við tvo fullorðna.

**SKÍÐAFERÐIRNAR ERU KOMNAR Í SÖLU**
St. Johann / Alpendorf, Zell am See, Abtenau og Steamboat Springs í Colorado

ÖLL VERÐ ERU BIRT MEÐ FYRIRVARA UM PRENTVILLUR OG STAFABRENGL.

Njóttu sólarinnar í haust á Spáni, Kanaríeyjum eða Tyrklandi. Þú getur fræðst um áfangastaðina á uu.is, og skráð þig í netklúbb Úrvals Útsýnar til að fá að vita um ný tilboð og ferðir áður en þau eru auglýst.

* Verð eru á mann miðað við tvo fullorðna og tvö börn nema annað sé tekið fram.

**Kynntu þér haustferðir á uu.is**

Úrval Útsýn er í Hlíðasmára 19 í Kópavogi.
Sími 585 4000 www.uu.is Facebook

ÚRVAL·ÚTSÝN

# Aldrei komið til tals að sleppa hátíð

**Ester Sigríður Helgadóttir,** kennari við Grunnskóla Vestmannaeyja, lætur sig aldrei vanta á Þjóðhátíð. Hún flutti til Eyja með eiginmanni sínum, Magnúsi Sigurðssyni, árið 1999 og hefur ekki misst af hátíð síðan. Áður hafði hún farið þrisvar sinnum og því átjánda Þjóðhátíðin fram undan. Í hennar huga standa setningarhátíðin, brekkusöngurinn og blysin upp úr.



Ester og Magnús láta sig aldrei vanta á Þjóðhátíð. Þau sækja hátíðina með börnunum sínum þremur, fjölskyldu og vinum. Á myndina vantar elsta soninn.

Í huga Esterar er Þjóðhátíð fyrst og fremst fjölskylduhátíð. „Við erum alltaf í hvítu tjaldi með fjölskyldu eiginmanns míns, Magnúsar Sigurðssonar, sem er Eyjamaður í húð og hár. Framan af vorum við í einu tjaldi sem afi hans og amma áttu en svo fór okkur að fjölga og árið 2002 var ákveðið að bæta öðru við. Við erum því með tvö tjöld hlið við hlið og opið á milli.“

Ester segir að núorðið sé gefin út tilkynning þegar má byrja að tjalda hinum margrómuðu hvítu tjöldum en áður var það meira á reiki og var fólk varla vinnuhæft þá daga sem það hélt að það mætti byrja. „Dalurinn var bara fullur af fólki sem var tilbúið að hlaupa og finna sér stað enda hefur fólk miklar skoðanir á því hvar er best að vera,“ segir Ester og rifjar upp fræga sögu af því þegar fótboltaleikur stóð yfir í bænum og pallbíll með tjaldstöngum þusti fram hjá og inn í dal. „Völlurinn gjörsamlega tæmdist og allir hlupu á eftir.“ Hún segir enn þá talsverðan hamagang fylgja því þegar fólk er að finna sér tjaldstæði og hefur gaman af því að fara inn úr og fylgjast með.

Ester segir hátíðarhöldin hjá fjölskyldunni annars í nokkuð föstum skorðum en hún heldur sérstaklega upp á setningarhátíðina á föstudeginum. „Við mætum í sparifötunum og erum svo með hátíðarkaffi í tjaldinu. Svo förum við heim að klæða okkur betur og smyrja nesti. Um kvöldið er svo skemmtun í brekkunni og brenna.“

Á laugardeginum er farið á barnaskemmtun í dalnum en um kvöldið segir Ester hefð fyrir því að fjölskyldan borði saman í tjaldinu. „Yfirleitt kaupum við kjúkling í veitingatjaldinu en að borðhaldi loknu eru það skemmtiatriði og flugeldasýning.“

Brekkusöngurinn og blysin á sunnudeginum eru ómissandi hluti hátíðarinnar en blysin í ár verða 140 talsins, enda bætist alltaf eitt blys við fyrir hvert ár sem hátíðin er haldin. Þar sem hátíðin á stórafmæli í ár verður dagskráin með veglegra móti en eins og margir vita eru John Grant og Quarashi á meðal þeirra sem troða upp. Ingó Veðurguð mun svo stýra brekkusöngnum eins og í fyrra.

Ester segir hátíðina yfirleitt fara mjög vel fram og langflesta gesti vera til fyrirmyndar. „Mér finnst oft svolítið leiðinlegt hvað það er einblínt á neikvæðar fréttir því langflestir eru til friðs. Svo finnst mér flestir mjög meðvitaðir um náungann og fólk yfirleitt passa hvert upp á annað. Ég er með tjaldstæðið alveg í túnfætinum heima hjá mér og verð aldrei fyrir miklu ónæði.“

Ester er þegar byrjuð að baka fyrir hátíðina. „Það er nauðsynlegt að eiga vel með kaffinu alla dagana. „Ég geri gjarnan hjónabandssælu og súkkulaðiköku og svo er alltaf rjómaterta.“ Ester segir langtímaveðurspána góða. „Við liggjum hérna á öllum veðurmiðlum því auðvitað verður allt miklu skemmtilegra í sól og þær hátíðir þar sem hefur verið gott veður standa vissulega upp úr. Við hljótum að eiga það inni eftir þetta sumar en hvernig sem fer er undirbúningur í fullum gangi og hugur í fólki.“



Fjölskyldan í brekkunni.

**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 **Umsjónarmenn auglýsinga:** Kolbeinn Kolbeinsson, kkolbeins@365.is, s. 512 5447 **Ábyrgðarmaður:** Jón Laufdal.





## SAGA SAMKYNHNEIGÐRA

**Særún Lísa Birgisdóttir þjóðfræðingur verður með leiðsögn um Árbæjarsafn á sunnudaginn kl. 15. Hún fjallar um sögu samkynhneigðra í samhengi við safnið. Í leiðsögninni verður ljósi varpað á ósýnileika samkynhneigðra í íslensku bændasamfélagi og hvaða áhrif þéttbýlisvæðing hafði á stöðu þeirra.**








**GOTT FYRIR ALLA** Þórunn Þórarinsdóttir mælir með Bio-Kult Original og segir það gott fyrir alla. „Það bætir meltinguna og er í raun bylting fyrir heilsuna. Ég hef upplifað umbyltingu á heilsunni eftir að ég fór að taka inn Bio-Kult Original.“ MYND/GVA

# BYLTING Á HEILSUNNI

**ICECARE KYNNIR** *Bio Kult Original er öflug blanda af vinveittum gerlum (probiotics). Öflug vörn fyrir þarmaflóruna sem hentar öllum aldri, börnum sem fullorðnum. Þórunn Þórarinsdóttir mælir með þessum góðu gerlum sem bæta meltinguna.*

Mig langar að deila reynslu minni af Bio-Kult Original-gerlunum. Ég var búin að vera veik í mörg ár. Ég ákvað að taka málin í mínar hendur, gjörbreytti mataræðinu en náði þó ekki alveg fullri heilsu. Þá fór ég að skoða hvað góðir gerlar geta gert fyrir heilsuna. Ég leitaði upplýsinga á netinu og víðar og fann út að sennilega vantaði mig einn ákveðinn geril í meltingarflóruna en það er svokallaður jarðargerill (Bacillus subtillis). Í framhaldinu fór ég að leita að lifandi gerlablöndum hér á landi sem innihalda þennan geril en það virtist ekki vera í neinu nema Bio-Kult Original-vörunni. Ég ákvað að prófa og viti menn, það varð algjör umbylting á líðan minni og heilsu,“ segir Þórunn G. Þórarinsdóttir heilsuráðgjafi.

**GÓÐIR GERLAR**

„Þar sem ég hef unnið við heilsuráðgjöf ákvað ég upp á mitt eindæmi að breiða út vitneskju mína og ánægju með Bio-Kult Original-gerlana því þeir hafa algjörlega breytt lífi mínu. Gerlarnir hjálpa fólki meðal annars með meltingarvandamál. Ég mæli með Bio-Kult Original við skjólstæðinga mína sem eiga til dæmis við hægðatregðu að stríða en þeir hjálpa til við útskilnað í meltingarveginum. Öll þurfum við að losa óæskileg efni úr líkamanum sem við fáum við neyslu á sumum matvælum og Bio-Kult Original hjálpar til við það.“

**LÍKA FYRIR HUNDINN**

„Þá er einnig vert að geta þess að ég hef einnig notað Bio-Kult Original fyrir hundinn minn sem er tíu ára gamall af Cavalier-kyni. Hann varð veikur í maga, alltaf að róta í mold og éta hana, það var eins og hann vantaði eitthvert efni. Ég prófaði að gefa honum Bio-Kult Original-gerlana, setti þá út í matinn daglega. Tíkin lagaðist heilmikið og hef ég síðan haldið áfram að gefa henni Bio-Kult Original-gerlana á hverjum degi með góðum árangri.

Ég er ákaflega þakklát fyrir Bio-Kult Original-gerlana, því þeir hafa algjörlega breytt heilsu minni og hundsins! Ég mæli hiklaust með Bio-Kult Original fyrir alla.“

**SÖLUSTAÐIR**

***Fæst í öllum apótekum og heilsuhillum stórmarkaða og heilsuverslunum.***















**Sumar 24** **6. - 18. september**

## Vínarborg - Búdapest - Prag

Glæsileg ferð til þriggja fallegra borga í Evrópu. Í Vínarborg eru merkar byggingar sem skreyta alla borgina, Búdapest þykir ein fallegasta borg í heimi og ekki má gleyma gullborginni Prag. Sigling á hinu rómaða Balaton vatni og ungverskt sveitabrúðkaup.

Verð: 277.700 kr. á mann í tvíbýli. Örfá sæti laus

Mjög mikið innifalið!

*Fararstjóri: Soffía Halldórsdóttir*



**Bókaðu núna á baendaferdir.is**

Sími 570 2790

bokun@baendaferdir.is

Síðumúla 2, 108 Reykjavík

ferðaþjónusta bænda BÆNDAFERÐIR




Á FERÐINNI Magni hefur verið mikið á ferðinni í sumar vegna tónleikahalds.

# MÉR LÍÐUR ALLTAF BEST Í SVEITINNI

**NÓG AÐ GERA** *Magni Ásgeirsson hefur staðið vaktina undanfarið við að undirbúa tíundu Bræðsluna sem fram fer á Borgarfirði eystri í kvöld. Á morgun verður slakað á og verslunarmannahelgin undirbúin.*

Uppselt er á Bræðsluna en 800 miðar seldust upp á 20 mínútum. „Við byrjum nú yfirleitt að plana Bræðsluna daginn eftir að henni lýkur ár hvert. Þetta er mjög úthugsað fyrirbæri. Á næsta ári eigum við tíu ára afmæli og þá verður örugglega meira í lagt. Við tökum þó alltaf eina Bræðslu í einu,“ sagði Magni þegar blaðamaður náði tali af honum í blíðviðrinu á Egilsstöðum. Hann var að keyra fólk sem þurfti að komast í verslun og vínbúð en engin slík er á Borgarfirði eystri.

„Fyrsta ár Bræðslunnar var mun minna í sniðum en núna, enda bara tilraun. Ári seinna fjölgaði gestum um helming en síðan hefur þetta sprungið út,“ segir Magni. „Við höfum verið með tónleikana í sama formi frá árinu 2007. Þetta árið erum við eingöngu með íslenska tónlistarmenn. Emilíana Torrini kemur en hún býr í London. Á síðasta ári vorum við með John Grant sem er útlendingur en býr á Íslandi þannig að hér ræður fjölbreytileikinn,“ segir hann enn fremur.



**FJÖR Á BRÆÐSLUNNI** Mikill mannfjöldi safnast saman á Borgarfirði eystri þegar Bræðslan fer fram. Þessi mynd var tekin í fyrra og er í eigu Bræðslunnar. MYND/ITORFA

### Í HEYSKAP

„Við höfum reyndar fengið óvenjumargar upphringingar frá útlendingum undanfarið sem spyrja hvar sé hægt að fá miða. Bræðslan fer fram í gamalli síldarverksmiðju sem tekur ekki fleira fólk samkvæmt reglum um eldvarnir og við hlýðum því,“ útskýrir Magni.

Veðrið hefur leikið við gesti á Austurlandi í sumar og Magni segir að fólk sé léttklætt og í góðu skapi. „Hér hefur verið rúmlega tuttugu stiga hiti undanfarnar vikur en búist er við rigningu í dag. Það er eiginlega bara fínt að fá smá vætu eftir Ibiza-veðrið í sumar,“ segir hann kampakátur.

Magni hefur dvalið í föðurhúsum allan júlímánuð ásamt eiginkonu sinni, Eyrúnu Haraldsdóttur, og þremur sonum, 9 ára, 2 ára og fimm mánaða. „Borgarfjörður er paradís fyrir börn þótt engin sé sundlaugin. Við höfum ströndina og fallega náttúru. Börnin hlaupa hér frjáls og ég á bara góðar minningar frá bernsku minni hér. Hér þekkjast íbúar vel og nágrannavarslan er góð. Mér líður alltaf best í sveitinni.“

### FLUTTUR TIL AKUREYRAR

„Ég bjó á Borgarfirði eystri til fimmtán ára aldurs þegar ég fór í heimavistarskóla. Faðir minn er bóndi en móðir mín lést fyrir tveimur árum. Pabbi er með 500 kindur. Ég dvel yfirleitt á sumrin á æskuslóðum og hjálpa til við heyskap og önnur sveitastörf. Síðan er mikil vinna hjá mér fram undan. Næsta helgi er verslunarmannahelgin og þá mun ég þvælast um landið. Verð að skemmta með Skonrokkhópnum á Þjóðhátíð í Eyjum, síðan á Unglingalandsmótinu á Sauðárkróki og á Akureyri. Hér einu sinni var verslunarmannahelgin vertíð hjá mér en nú er þetta orðið svona um hverja helgi. Það eru bæjarhátíðir í gangi allt sumarið. Ég hef komið á hvert krummaskuð á landinu og tel ekkert eftir mér að ferðast hingað og þangað. Um síðustu helgi ók ég til Þórshafnar sem voru um 300 kílómetrar hvor leið.“

Magni og fjölskylda hans fluttu til Akureyrar síðastliðið sumar og hann er ánægður með þá ákvörðun. „Þar er unaðslegt að búa,“ segir hann. „Ég er mikið á ferðalögum og það skiptir ekki miklu máli hvar á landinu maður býr.“

### TILHLÖKKUN

„Fyrir utan Bræðsluna hafa verið tónleikar hér um hverja helgi í sumar þannig að það er mikið um að vera á Borgarfirði eystri. Hér koma fjölmargir ferðamenn og mikið af fjölskyldufólki. Margir eru brottfluttir Borgfirðingar en einnig er mikið um göngufólk. Miðað við fjöldann hér fyrir austan undanfarið mætti ætla að allir Íslendingar væru komnir hingað. Það er þakkarvert að fólk ferðist um eigið land,“ segir Magni og viðurkennir að hann hlakki mikið til helgarinnar.

■ elin@365.is





**Póst dreifing**

**Birtingur treystir okkur fyrir öruggri dreifingu á Séð og heyrt**

Póstdreifing býður upp á fjölbreytta og örugga dreifingu á blöðum og tímaritum. Við komum sendingunni í réttar hendur. *Örugglega til þín.*

Póstdreifing | Vatnagörðum 22 | 104 Reykjavík | Sími 585 8300 | postdreifing.is


**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434
**Kolbeinn Kolbeinsson,** kkolbeins@365.is, s. 512 5447
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**



**GÓÐ SAMVINNA** Starfsfólk Fresco útbýr salöt úr besta mögulega hráefni sem völ er á.




**VEL STAÐSETTUR** Fresco er í alfaraleið fyrir þá sem vilja setjast inn eða grípa mat á leið heim.



**PALM BEACH SALAT** Inniheldur BBQ-kjúkling, epli, pikklaðan lauk, sætar kartöflur, cheddar-ost, þurrkuð trönuber og pekan-hnetur.



**CAESAR-SALAT** Inniheldur saffran-kjúkling, kirsuberja-tómata, parmesanost og brauðteninga.



**NOTALEGT** Fresco er bjartur og fallegur staður sem var opnaður fyrir nokkrum vikum.



**FJÖLBREYTNI** Gestir geta valið úrval af hnetum, fræjum og berjum í salötin.

# FERSKT SALAT Í FALLEGU UMHVERFI

**FRESCO KYNNIR** *Nýlega var nýr veitingastaður sem sérhæfir sig í hollum og góðum salatréttum opnaður á Suðurlandsbraut. Gestir geta bæði valið salöt hússins og sett saman rétti að eigin vild. Bæði er hægt að borða á staðnum og taka matinn með sér heim.*

Mikið úrval fjölbreyttra salatrétta og ljúffengar salatdressingar eru uppistaðan á nýjum og glæsilegum veitingastað sem var opnaður nýlega við Suðurlandsbraut 4 í Reykjavík. Staðurinn, sem ber heitið Fresco, er bjartur og fallegur og gestir geta bæði notið veitinga í ró og næði og tekið matinn með í vinnuna eða heim. Ásgeir Ingi Einarsson, sem rekur Fresco ásamt föður sínum og bróður, segir tíu mismunandi salatrétti vera í boði og mikið vera lagt upp úr besta fáanlega hráefni. „Gestir geta bæði valið salöt hússins og sett saman eigin salatdiska. Einnig er hægt að setja salöt inn í vefjur fyrir þá sem vilja aðeins meiri fyllingu. Að öðru leyti eru þetta vel útilátnir skammtar enda hafa viðtökurnar verið mjög góðar þessar fyrstu vikur.“

Réttir hússins innihalda fjölbreytt úrval grænmetis, ávaxta, kjötmetis og fiskmetis. Fyrir utan hefðbundið innihald má nefna chili-baunir, bakaða papriku, fennel, ætiþistla, pikklaðan lauk og nachos-flögur auk úrvals fræja og berja. Boðið er upp á steiktan kjúkling, saffran-kjúkling, fajitas-júkling, BBQ-kjúkling, heitreyktan lax og roast beef. Grunn salatsins mynda fimm salattegundir; romaine, klettasalat, spínat, grænkál og bankabygg. Salatdressingarnar eru fjórtán talsins og eru allar lagaðar á staðnum og ljúffengar.

Fresco tekur tæplega 40 manns í sæti en margir gestanna taka matinn með, ýmist í vinnuna eða heim eftir vinnu. „Hér í kringum okkar vinnur fjöldi manns sem hefur tekið okkur fagnandi. Auk þess erum við í alfaraleið fyrir marga sem vilja grípa hollan og góðan mat á leiðinni heim. Það er einföld, holl og þægileg lausn fyrir upptekið fólk.“

Sem fyrr segir voru þeir feðgar búnir að ganga með hugmyndina lengi í maganum. „Svona staðir hafa gengið vel í New York og Boston þar sem við höfum oft dvalið. Um áramótin ákváðum við að kýla á þetta og settum hugmyndavinnu af stað með Hákoni Má Örvarssyni matreiðslumeistara sem hannaði matseðilinn og salatdressingarnar að mestu leyti.“

Þeir sem enn eru svangir að mat loknum geta gætt sér á ljúffengum jógúrtís með ávöxtum.

Fresco er opinn alla daga vikunnar milli kl. 11 og 21. Allar nánari upplýsingar má finna á Facebook undir Fresco.



**BRAGÐGÓÐ HOLLUSTA** Gestir Fresco geta valið úr tíu salatréttum og fjórtán salatdressingum eða sett saman eigin salatrétt.

MYNDIR/DANÍEL

# VINVEITTIR MELTINGARGERLAR

OptiBac-vörurnar innihalda blöndu sýruþolinna meltingargerla sem komast örugglega og lifandi gegnum magasýrurí smáþarma þar sem þeim er ætlað að virka.




25% afsláttur 10 og 30 stk. pakkningar

Cetirizin-ratiopharm



10 mg Cetirizin tvíhýdróklóríð
10 og 30 töflur

Loratadin LYFIS



10 mg Loratadin
10 og 30 töflur

Ódýrt frá LYFIS

25% afsláttur 10 og 30 stk. pakkningar

Borgar Apótek – Þín vegna
Borgartúni 28, 105 Reykjavík | sími 553-8331

# FLATUR MAGI Á SJÖ DÖGUM

**RARITET KYNNIR** *Ertu með loft í maganum og þjáist af vindverkjum? Þá er lausnin fundin með hjálp vinveittra meltingargerla frá OptiBac Probiotics.*

Ég get ekki hugsað mér að vera án gerlanna,“ segir Marta Eiríksdóttir jógakennari sem hefur notað Optibac Probiotics-gerlana að staðaldri í ár. „Ég er með viðkvæma meltingu og hef þjáðst af meltingaróþægindum í langan tíma. Gerlarnir hjálpa til við niðurbrot mjólkursykurs og sterkju í meltingarvegi og koma í veg fyrir óþægindi sem tengjast fæðuóþoli,“ segir Marta, sem reynir eftir megni að sneiða hjá mjólkurvörum, sykri, glúteni og unnum kjötvörum.

„Líkami minn þolir ekki þessar matvörur. Meltingin fer úr skorðum og ég verð þreytt og orkulaus. Vissulega getur verið erfitt að sneiða hjá þessum fæðutegundum en þegar ég borða mat sem ég þoli illa á ég alltaf til poka af „One week Flat“ í veskinu.“

Marta mælir hiklaust með OptiBac Probiotics-vörunum.

„Ég nota „One week Flat“, sem dregur úr lofti í maga og gerir þaninn kvið flatari. Það er sjö daga kúr sem inniheldur vinsamlegar bakteríur eins og acidophilus og svo prebiotics-trefjar fyrir þá sem þjást af óþægindum vegna lofts í maga. Einn af hverjum fimm fær þaninn maga einu sinni eða oftar í mánuði sem getur stafað af fæðuóþoli, streitu, fyrirtíðaspennu, tíðahvörfum eða lélegu mataræði. Því er gott að nota „One week Flat“ til að draga úr neikvæðum áhrifum eins og uppþembu vegna grillmatar og sætinda sem fólk borðar gjarnan yfir sumarmánuðina. Einnig höfum við heyrt að „One week Flat“ sé vinsælt fyrir brúðkaup og veislur til að líta betur út í kjólnum svo maður tali nú ekki um sundferðirnar.“



**GÓÐUR ÁRANGUR** Marta Eiríksdóttir jógakennari hefur góða reynslu af OptiBac Probiotics-trefjunum og notar „One week Flat“ til að fá flatan maga. MYND/DANÍEL

### VÍSINDALEGA SANNAÐ

OptiBac Probiotics er ný lína af meltingargerlum með vísindalega sannaðri virkni í meira en þrjátíu klínískum rannsóknum.

Aðrar gagnlegar vörur frá OptiBac Probiotics eru:

**„Bowel Calm“** (Saccharomyces Boulardii) stoppar niðurgang á náttúrulegan og fljótvirkan hátt og er áhrifaríkt gegn gersveppaóþoli (Candida).

**„Optibac for Every Day“** (extra sterkur) inniheldur 20 milljarða lifandi baktería í dagskammti. Bakteríurnar hafa verið ítarlega rannsakaðar í yfir 75 klínískum rannsóknum. Virkar vel gegn gersveppaóþoli (Candida) og iðrabólgu (IBS), sem hrjáir tuttugu prósent manna.

**„Bifidobacterium BB12“** með trefjum virkar vel gegn hægðatregðu og kemur meltingu í eðlilega virkni. Gott fyrir alla og öruggt fyrir konur á meðgöngu og börn frá eins árs aldri.

**„Optibac For traveling abroad“** inniheldur mikið magn af góðum gerlum fyrir meltinguna en einnig Saccharomyces Boulardii sem stoppar niðurgang og hjálpar líkamanum að losa sig við óæskilegar bakteríur á náttúrulegan hátt.




## HVAR FÆST OPTIBAC PROBIOTICS?

**Optibac Probiotics fæst á eftirfarandi stöðum: Lyf og heilsa, Apótekarinn, Lyfsalinn, Lyfjaver, Lyfjaval, Reykjavíkur-apótek, Apótek Vesturlands, Apótek Suðurnesja, Árbæjarapótek, Apótek Garðabæjar, Apótek Hafnarfjarðar, Urðarapótek, Rimaapótek, Garðsapótek og Apótek Ólafsvíkur.**

**For a Flat Stomach breytist í One week Flat. Nákvæmlega sama varan en undir nýju heiti. Ný sending er komin í verslanir. Síðasta sending seldist upp.**

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

INHOPE insafe SAFT
TILKYNNA ÓVIÐEIGANDI EÐA ÓLÖGLEGT EFNI Á NETINU

Ert þú á leið erlendis?
Komdu í veg fyrir magakveisu, hægðatregðu og matareitrun!
*OptiBac - For travelling abroad* inniheldur vinveitta og nauðsynlega náttúrugerla sem hjálpa þér að vinna á hættulegum bakteríum
Borðaðu það sem þig lystir á ferðalaginu!
OptiBac probiotics
Fæst í öllum betri apótekum



GRILLMATUR &GÆÐAVÍN

**Kynningarblað** Beint frá býli, Mía-vínin, SAH afurðir og úrval kassavína.

# Mikil ásókn í vörur beint frá býli

Beint frá býli eru samtök bænda sem selja afurðir sínar beint frá býli sínu. Markmiðið er að tryggja neytendum gæðavöru þar sem öryggi og rekjanleiki er í fyrirrúmi. Mikill áhugi er hjá neytendum á að kaupa vörur sem merktar eru beint frá býli.



Neytendur eru hrifnir af sveitamörkuðum og telja mjög til bóta að geta keypt gæðavörur beint frá býli.

Guðmundur Jón Guðmundsson, bóndi í Holtseli í Eyjafirði, er formaður samtakanna en hann rekur auk þess verslun sem selur vörur frá öðrum Beint frá býli bæjum, þar sem mikið hefur verið að gera í sumar. „Beint frá býli eru regnhlífarsamtök. Við erum ekki í beinni markaðssetningu. Það er stefna félagsins að bjóða fyrsta flokks gæðavöru á sambærilegu verði og gerist og gengur í verslunum. Fólk getur nálgast þessar vörur í gegnum heimasíðuna okkar, beintfrabyli.is, en þar er möguleiki að senda fyrirspurnir fyrir hvern vöruflokk. Ef send er fyrirspurn til dæmis á nautakjöt þá fer hún til allra í félaginu sem framleiða nautakjöt. Einnig er möguleiki að skoða heimasíður allra framleiðenda," segir Guðmundur.

### Vöruúrval alltaf að aukast

Sumir bændur eru með verslun og þar á meðal Guðmundur í Holtseli. „Verslanir eru á nokkrum stöðum. Til dæmis hjá mér í Holtseli, í Langholtskoti við Flúðir og í Hálsi í Kjós. Í Reykjavík er hægt að nálgast sumar af þessum vörum í Melabúðinni og í Frú Laugu. Boðið er upp á allt kjöt; lambakjöt, nautakjöt, svínakjöt, folaldakjöt, geitakjöt og alikálfakjöt. Hins vegar hefur ekki verið hægt að bjóða fuglakjöt vegna strangra reglna um slátrun og meðhöndlun. Vöruúrvalið er alltaf að aukast en hægt er að skoða það á heimasíðunni."

### Sprenging í sölu

Guðmundur segir að mikil aukning og áhugi hafi orðið hjá almenningi á að kaupa vörur beint frá býli. „Það má segja að það hafi verið sprenging í þessu. Á undanförnum dögum hafa viðskiptavinir okkar í Holtseli skipt hundruðum. Það er stórt tjaldsvæði hér í nágrenninu og þaðan kemur mikil traffík. Ég veit að í Langholtskoti selst öll framleiðsla jafnóðum. Þetta er verulega ánægjuleg þróun," segir Guðmundur og minnist þess hvernig ástandið var þegar félagið var stofnað árið 2008. „Þá voru fimm aðilar með söluhæfa vöru en í dag eru þeir rúmlega sjötíu og er stöðugt að fjölga. Mikil aukning hefur orðið í unnum kjötvörum, svo sem gröfnu kjöti, hangikjöti, kæfu, nautahakki og söltuðu hrossakjöti svo eitthvað sé nefnt. Einnig eru í boði egg, mjólk, grænmeti, ber og margt, margt fleira. Á bænum Húsavík í Steingrímsfirði er boðið upp á grafið ærfile sem er sérstaklega ljúffengt. Reykkofinn Hella í Mývatnssveit býður sperðla eftir gamalli uppskrift en margt ánægjulegt er að gerast í þessum efnum um allt land," segir Guðmundur.

### Ánægjuleg þróun

Þegar hann er spurður hvort þetta sé framtíðin, segir hann svo vera. „Þessi þróun var stöðvuð hér fyrir nokkrum áratugum en er að rísa upp aftur af fullum krafti. Þetta félag er ungt en eins og þetta horfir við í dag á það bara eftir að vaxa. Sama þróun er í öllum okkar nágrannalöndum."

Guðmundur segir að folaldakjöt sé ákaflega vinsælt á grillið núna og margir komi aftur og aftur til að versla. „Fólk veit hvaðan varan kemur og þykir skemmtilegt að koma á bæina og sjá aðstæður dýra. Því miður þurfum við enn þá að senda gripi til stóru sláturhúsanna en þau eru fá. Þeir sem búa í Borgarfirði þurfa að senda til Selfoss eða Hvammstanga. Það yrði til mikilla bóta ef upp risu lítil sláturhús hér og þar um landið. Stóru húsin gætu engu að síður starfað áfram. Það er ekki gott fyrir dýrin að þvælast marga klukkutíma í bíl til slátrunar. Í Svíþjóð var þessi sama þróun en er að snúast við og lítil sláturhús rísa nú víðs vegar um landið. Ég hef trú á að svo verði hér einnig. Mér sýnist landbúnaðarráðherra líka vera á þeirri skoðun."

Guðmundur hvetur fólk til að skoða heimasíðu ***beintfrabyli.is*** og senda fyrirspurnir.



Alltaf eykst úrvalið í vöruflokknum Beint frá býli og margar skemmtilegar nýjungar hafa litið dagsins ljós.



Í Holtseli í Eyjafirði er margt skemmtilegt á boðstólum.



Í Holtseli er kúabú.

# Handbragð konu

**Mia-vínin** eru ný og spennandi viðbót við spænska vínframleiðslu. Gloria Collell er höfundurinn á bak við Mia en ástríða hennar fyrir víni og lífið í Barcelona varð henni innblástur við gerð þess. Hún segir „Barcelona í flösku“ lýsa Mia-vínunum best en hún bjó vínið til fyrir konur.






„Ég ólst upp við víngerð og æskuminningar mínar snúast um spænsk vín. Ég man ilminn í vínskemmunni okkar og af tunnunum, fullum af víni, og þegar fjölskyldan smakkaði vínin heima,“ segir Gloria Collell, höfundurinn á bak við Mia, nýja og spennandi viðbót við spænska vínframleiðslu. Gloria hannaði vínið í samvinnu við Freixenet, sérstaklega fyrir konur.

„Ég tók eftir því að konur virtust ekki falla fyrir spænskum vínum því mörg þeirra þóttu gamaldags. Í samstarfi mínu við Freixenet lagði ég því til nýja nálgun til að búa til líflegt og ferskt vín sem myndi höfða til fólks um allan heim. Mia-vínin eru ávaxtavín og unnin þannig að spænska vínþrúgan njóti sín sem best. Ég veit að þótt ég hafi búið vínin til með konur í huga líkar karlmönnum þau ekki síður.“

### Hvað er það við spænsk vín sem þér líkar?

„Fjölbreytileikinn í vínþrúgunum sem eingöngu eru ræktaðar á Spáni finnst mér frábær, eins og Tempranillo- og Parellada-þrúgurnar. Við gerð Mia tókst mér að sameina íberískar þrúgur og nútíma víngerðartækni við þann stíl og lífsþrótt sem einkennir Barcelona, mína heimaborg. „Barcelona í flösku“ er frábær lýsing á Mia-vínunum.“

### Hver var innblásturinn á bak við merkingarnar á flöskunum?

„Orðið „mia“, sem þýðir mitt á spænsku, var mikið notað meðan á vinnsluferlinu stóð. Þróun þessa víns var afar spennandi og hreint ævintýri fyrir alla sem komu þar að, Freixenet-fjölskylduna, vínekrubændurna og okkur öll. Okkur finnst við öll eiga vínið og þess vegna fannst okkur Mia viðeigandi nafn. Á miðanum er nafnið mótað með mósaíkmunstri, sem vísar til verka hins fræga arkitekts, Gaudi. Þá er saga mín og undirskrift einnig á flöskunni, sem gerir merkinguna persónulega.“



### Mia-hvítvín: 11%

Ferskt og létt með ríkum ávaxtakeim og votti af hunangi. Vínið er blanda af spænskum vínþrúgum og hentar vel sem fordrykkur eða með grilluðum kjúklingi.

### Mia-rauðvín: 12,5%

Silkimjúkt vín unnið úr Tempranillo-vínþrúgum. Vínið ber ríkan ávaxtakeim með þykku berja- og plómubragði. Hentar vel með pastaréttum eða eitt sér.

**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 **Umsjónarmaður auglýsinga:** Kolbeinn Kolbeinsson, kkolbeins@365.is s. 512 5447 **Ábyrgðarmaður:** Jón Laufdal.

# NAMMIDAGUR

LAUGARDAGUR **26. JÚLÍ 2014** **Kynningarblað** Rjómasalat, marengsbomba, brjóstsykursgerð, lakkrísnammi og heimagert gotterí.

# Fer í megrun á mánudögum

Guðrún Veiga Guðmundsdóttir hefur getið sér gott orð fyrir skemmtilegt lífsstílsblogg. Þar er að finna uppskriftir sem innihalda ósjaldan haug af nammi. Guðrún Veiga gengur fyrir Oreo-kexi og finnst gaman að fara óhefðbundnar leiðir í bakstri og matargerð.

Matar- og lífsstílsbloggarinn Guðrún Veiga Guðmundsdóttir verður seint talin upptekin af heilsufæði en á blogginu hennar gveiga85.blogspot.com er að finna uppskriftir, uppfullar af nammi. Af blogginu að dæma er hún sérstaklega hrifin af Oreo-kexi, súkkulaði og hnetusmjöri og bregður því fyrir í alls kyns útgáfum.

„Ég held að lesendur mínir hafi farið í gegnum á að giska fimmtíu til sextíu megranir með mér. Ég byrja yfirleitt á mánudögum. Síðast var það reyndar á sunnudagskvöldi en þeirri tilraun lauk á þriðjudag. Þá var ég komin í pitsur og bingókúlur,“ upplýsir Guðrún Veiga. „Þetta gengur bara engan veginn hjá mér. Ég þarf bara mitt Oreo. Annars verð ég bara ómöguleg. Mér finnst líka voða gaman að prófa mig áfram og fara nýjar leiðir í að setja hluti saman; þess vegna pylsur og hnetusmjör. Ég hef þó einfaldleikann í fyrirrúmi og nenni engu brasi.“

Aðspurð hefur Guðrún Veiga engan kokkabakgrunn. „Ég er sennilega vonlausasti kokkur sem hægt er að finna og fólkinu í kringum mig þykir mjög súrrealískt að ég sé allt í einu orðin einhver matgæðingur í blöðum og meira að segja komin með eigin matreiðsluþátt. Það gat ekki nokkur maður séð fyrir,“ segir Guðrún, en þátturinn, sem ber nafnið Nenni ekki að elda, er sýndur á nýju sjónvarpsstöðinni iSTV.

Guðrún Veiga er litríkur penni og hefur blogginu, sem var opnað fyrir einu og hálfu ári, verið afar vel tekið. „Upphaflega var þetta hugsað sem tískublogg. Ég var að bugast yfir mastersritgerðarskrifum í mannfræði og henti inn nokkrum myndum ásamt fimm, sex orðum. Ég hafði keypt mér svo glæsileg gul stígvél í Húsasmiðjunni á 500 kall og þurfti bara endilega að koma þeim á framfæri. Þessi hugmynd fór þó fljótlega út um þúfur enda átti ég ekkert meira nýtt til að sýna og sá fljótt að ég hafði ekki efni á að þrífast í þessum heimi. Í kjölfarið þróaðist þetta út í allt og ekkert og er í raun bara um það sem ég er að bauka hverju sinni.“

Í framhaldi af blogginu hefur Guðrún Veiga verið beðin um að skrifa pistla fyrir hina ýmsu miðla og nú síðast að taka að sér matreiðsluþátt. „Hann er í mínum anda og enginn að sjóða krækling. Við erum búin að taka upp eina seríu og er önnur í bígerð. Við leggjum upp með sem minnsta yfirbyggingu og er þátturinn tekinn upp í eldhúsi í IKEA. Það hefur gefist ótrúlega vel og fólk sem á leið hjá er mjög forvitið.“

Guðrún gefur hér uppskrift að rjómasalati með eplum og Snickers. „Það er agalega gott og súpereinfalt sem gæti ekki verið meira í mínum anda. Ég borðaði ellefu diska, því miður.“

**Rjómasalat með eplum og Snickers**

1 pakki vanillubúðingur (helst frá Jello)
1 bolli köld mjólk
½ líter rjómi
6 stykki Snickers
3 rauð epli
Jarðaber eða kíví til skrauts.

*Leysið upp búðingsduftið í mjólkinni. Þeytið rjómann og blandið honum varlega saman við búðingsblönduna. Saxið Snickers og epli og hrærið saman við. Skreytið með ferskum ávöxtum.*



Guðrún Veiga er lunkin við að setja alls konar nammi í nýjan búning. Hún hefur þó einfaldleikann í fyrirrúmi og nennir engu brasi. MYND/DANÍEL



# Brjóstsykur lífgar upp á lífið

**Það er auðvelt að útbúa brjóstsykur í heimahúsi ef réttu áhöldin eru til staðar. Hægt er að útbúa litfagran brjóstsykur úr ótal bragðtegundum sem gott er að borða eða gefa vinum og ættingjum í gjöf. Mikilvægt er að huga að öryggismálum ef börn hjálpa til við brjóstsykursgerðina.**

Brjóstsykursgerð heima fyrir er ekki eins flókin og margir halda. Hún er skemmtileg tilbreyting frá kökubakstri og tilvalin skemmtun fyrir alla aldurshópa, hvort sem það er fjölskyldan sem sameinast við eldhúsborðið eða vinahópurinn í sumarbústaðnum. Ein þeirra sem hafa stundað brjóstsykursgerð undanfarin ár er Hjördís Dögg hjá Mömmur.is. en sköpunarþörfin er þó ekki bara bundin henni heldur skreytir hún líka kökur, kökupinna og bollakökur.


Hjördís Dögg hjá Mömmur.is hefur útbúið brjóstsykur í nokkur ár.

„Fyrir nokkrum árum kynntist ég brjóstsykursgerð en áður hafði ekki hvarflað að mér að ég gæti auðveldlega búið til eigin brjóstsykur og hvað þá svo bragðgóðan. Krakkarnir hafa alltaf jafn gaman af þessu enda er brjóstsykur svo góður.“ Hún segir alla geta tekið þátt þótt mikilvægt sé að hafa í huga að fullorðinn einstaklingur ætti að sjá um að hita sykurinn og meðhöndla brjóstsykurinn meðan blandan er sem heitust. Yngri kynslóðin getur hins vegar tekið þátt með því að klippa brjóstsykurinn til og búa til kúlur eða sleikjó.

Ákveðin grunnáhöld þurfa að vera til staðar að sögn Hjördísar. „Nauðsynlegt er að notast við járnpott en alls ekki teflonhúðaðan pott eða stálpott. Einnig þarf tölvumæli eða glerhitamæli og stóra hitaþolna mottu þótt margnota bökunarpappír dugi líka.“ Tvær hitaþolnar sköfur eru notaðar til að kæla blönduna og lítið sigti þarf til að setja hvítt matarlitarduft í blönduna. Mæliskeið og desilítramál þarf að hafa við höndina og sprautu eða dropateljara til að mæla litar- og bragðefni. „Ég nota skæri til að klippa brjóstsykurinn í mola og pensill er notaður til að smyrja olíunni á mottur og skæri. Þeir sem ætla líka að búa til sleikibrjóstsykur þurfa svo sleikjóprik.“

### Grunnuppskrift að brjóstsykursblöndu:

Hráefnin eiga að fara í járnpott í eftirfarandi röð:
**1 dl vatn**
**450 g Dansukker-sykur**
**125 g þrúgusykur**


Fallegur og bragðgóður brjóstsykur gleður fólk á öllum aldri.


Sköfur notaðar til að blanda hráefnunum saman og kæla blönduna.

Til að búa til jaðarberjabrjóstsykur þarf að auki í þessari röð:
**2 tsk. sítrónusýra**
**1,5 ml rauður matarlitur**
**2 ml jarðarberjabragðefni**

*Vatn, sykur og þrúgusykur sett saman í pott, lokið sett yfir og blandan hituð að suðu. Pottlokið tekið af og hitamæli komið fyrir í pottinum. Blandan látin hitna að u.þ.b. 162°C hita. Má ekki fara undir 157 (þá verður blandan of lin) og ekki yfir 165°C (þá brennur hún). Ekki hræra í blöndunni, annars fer hún í kekki. Nauðsynlegt er að vera með olíu í skál. Eftir að blandan er orðin um 145°C heit er hún fljót að rjúka upp í 162°C svo fylgist vel með.*

*Hafið sítrónusýru, rauðan matarlit og bragðefni tilbúið hjá mottunum og setjið í blönduna í þessari röð. Þegar blandan hefur náð um 162°C er henni hellt á mottuna. Endinn á mælinum er strax settur í sjóðandi heitt vatn og potturinn fer strax undir heitt vatn þegar búið er að hella blöndunni. Blandan er látin standa í smá stund eða þar til húð myndast.*

*Sítrónusýran er sett yfir blönduna. Sköfurnar eru notaðar til að blanda hráefnunum saman og kæla blönduna jafnt og þétt. Best að kæla blönduna með því að fara til skiptis meðfram hliðum og færa sig inn að miðjunni. Ef ekki er sett olía á sköfurnar getur blandan fest við og því er nauðsynlegt að setja olíuna á þær.*

*Rauða matarlitnum er sprautað í litlum skömmtum hér og þar á blönduna. Rauður litur getur brennst ef hann fer of fljótt út í blönduna svo betra að bíða í eina mínútu áður en honum er sprautað. Búið til vasa á blöndunni og sprautið bragðefninu út í. Þegar vasinn lokast getur myndast uppgufun og því ekki gott að vera með andlitið yfir blöndunni. Stundum eru notuð sundgleraugu ef efnin eru sterk. Blandan kæld og að lokum er henni skipt niður í búta og búnar til lengjur sem síðar eru klipptar niður eða mótaðar kúlur eða sleikibrjóstsykur.*



# *Ómótstæðilegt nammi*

Margir þekkja pavlóvuna sem gerð er úr marengs, berjum og rjóma. Ýmiss konar tilbrigði við þessa ómótstæðilegu samsetningu eru til og hér er eitt.

### Marengs

**5 eggjahvítur**
**2 dl. sykur**
**2 dl. púðursykur**
**1½ tsk. lyftiduft**

*Þeytið saman eggjahvítur og sykur þar til létt og ljóst. Bætið sykrinum saman við og haldið áfram að þeyta. Blandið lyftiduftinu varlega við í lokin.*

*Dreifið í hring á pappírsklædda ofnplötu. Ýmist er hægt að gera einn stóran botn eða fleiri litla. Bakið í eina og hálfa til tvær klukkustundir við 125–130 gráður. Sumir slökkva þá á ofninum og láta botninn bíða til næsta dags en þá er ýmist hægt að nota hann beint eða frysta til síðari nota.*

### Marssósa

**2 stór Marsstykki**
**Smá rjómaskvetta**
**Nokkrir suðusúkkulaðimolar**

### Annað

**4 kókosbollur, hakkaðar gróft**
**½ lítri þeyttur rjómi**
**Ber og ávextir að eigin vali, til dæmis jarðarber, bláber eða kíví**
**Salthnetur, gróft saxaðar**

*Bræðið Marsið í þykkbotna potti með örlitlum rjóma. Bætið við rjóma eftir þörfum til að ná ákjósanlegri þykkt. Bætið súkkulaðimolum við til að gefa sósunni meiri kraft.*

*Takið til fallegan kökudisk. Setjið eitt lag af marengs og dreifið kókosbollum yfir. Dreifið rjóma yfir þær og síðan berjum. Ef notaðir eru margir litlir marengsstoppar eru gerð nokkur lög en aðeins eitt ef um einn stóran botn er að ræða. Hellið Marssósunni yfir í lokin og skreytið með salthnetum.*

# Gleðigjafi Íslendinga

**Gómsæt ný lakkrísína sem inniheldur tíu bragðtegundir kom nýlega á markað frá Nóa Síríusi. Fleiri tegundir eru væntanlegar bráðlega.**

Nýlega setti Nói Síríus nýja og spennandi lakkrísínu á markað í fallegum og þægilegum umbúðum. Línan ber nafnið Nóa Lakkrís og kemur í mörgum ljúffengum bragðtegundum, sumum kunnuglegum en líka nokkrum nýjum, að sögn Kristjáns Geirs Gunnarssonar, framkvæmdastjóra markaðs- og sölusviðs Nóa Síríus. „Hér er bæði um nýjar vörur að ræða en einnig gamlar vörur í nýjum búningi. Við notum einungis bestu hráefni sem völ eru á sem búin eru til úr ekta anísolíu og mólassa. Í réttum hlutföllum skilar blandan þeim séríslenska karakter sem einkennir íslenskan lakkrís.“



„Við notum einungis bestu hráefni sem völ eru á," segir Kristján Geir Gunnarsson, framkvæmdastjóri markaðs- og sölusviðs Nóa Síríus. MYND/DANÍEL

Nóa Lakkrís kemur í 150 g pokum og einnig í stykkjum. Við vöruþróunina var fyrirtækið í góðu sambandi við neytendur og fékk gagnlegar athugasemdir varðandi bragð og áferð. „Meðal nýrra vara má nefna Lakkrískonfekt en þar höfum við sett saman í poka fjórar uppáhaldslakkrískonfekttegundirnar.“




Gamlir kunningjar Íslendinga fá líka nýtt útlit og nefnir Kristján þar Trompvörurnar sem fá nú nýtt heiti og útlit. „Gula Trompið breytist í gómsætan súkkulaðihjúpaðan lakkrískjarna, Trompbitarnir eru nú súkkulaðihjúpaðir lakkrísbitar með kókosfyllingu og Risa-Trompið vinsæla verður súkkulaðihjúpaður lakkrísborði með kókosfyllingu.“

Kristján segir ánægju ríkja með afraksturinn þar sem byggt er á hefðbundinni íslenskri lakkríshefð en jafnframt boðið upp á nýjar og spennandi bragðtegundir sem koma skemmtilega á óvart. „Við höfðum það einnig að markmiði að þróa lakkrís sem fellur vel að Nóa-súkkulaðinu sem notað er til að hjúpa lakkrísinn og gefur akkúrat þetta einstaka rétta bragð sem allir þekkja svo vel.“




Allt í allt eru þetta tíu bragðtegundir sem eru í boði í dag og segir Kristján fleiri bragðtegundir væntanlegar á næstunni. „Við höfum ekki áður beitt okkur á lakkrísmarkaði og því eru þetta spennandi tímar fram undan hjá fyrirtækinu. Við munum síðar á árinu fjölga bragðefnum í lakkríslínunni og munum koma fram með nýjungar sem Íslendingar hafa ekki kynnst áður. Nói Síríus hefur alltaf skilgreint sig sem ákveðinn gleðigjafa fyrir íslenska neytendur og vörur okkar eru ein leiðin til að krydda líf landsmanna. Svo sannarlega veitir okkur ekki af gleðigjöfum á þessu sumri.“

**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 **Umsjónarmaður auglýsinga:** Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@365.is s. 512-5429
**Ábyrgðarmaður:** Jón Laufdal.

Capacent Ráðningar

# FRÆÐSLUSTJÓRI

Akureyri er stærsti bær landsins utan höfuðborgarsvæðisins og eru íbúar um 18.000 talsins. Akureyri er mikill menningar- og skólabær. Bærinn er miðstöð athafnalífs og þjónustu fyrir allt Norðurland og iðar af mannlífi allan ársins hring. Fyrir utan hið eiginlega bæjarland Akureyrar í botni Eyjafjarðar eru eyjarnar Grímsey og Hrísey einnig innan vébanda sveitarfélagsins. Bæjarstjórn leggur áherslu á að veita íbúum bæjarfélagsins góða þjónustu á öllum sviðum og hlúa þannig að samfélagi sem er gott til búsetu.

**Staða fræðslustjóra á Akureyri er laus til umsóknar. Leitað er að einstaklingi með mikinn metnað, sem sýnt hefur árangur í störfum sínum.**

**Starfssvið:**
Fræðslustjóri er deildarstjóri skóladeildar og hefur yfirumsjón með framkvæmd laga og samþykkta um fræðslumál, s.s. um rekstur leik-, grunn-, og tónlistarskóla á vegum Akureyrarbæjar og hefur forgöngu um mótun faglegrar skólastefnu. Fræðslustjóri er framkvæmdastjóri skólanefndar, undirbýr fundi hennar og fylgir ákvörðunum hennar eftir. Fræðslustjóri er næsti yfirmaður skólastjóra.

**Menntunarkröfur:**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi

**Hæfniskröfur:**
- Reynsla og þekking af stjórnun og rekstri
- Góð þekking af málefnum grunn-, leik- og tónlistarskóla nauðsynleg
- Frumkvæði og samstarfsvilji
- Góðir skipulagshæfileikar
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Áhugi og reynsla til að leiða þróunarstarf og leita nýrra leiða
- Sveigjanleiki og víðsýni í starfi og samskiptum

Viðkomandi þarf að hafa sterka sýn á skólastefnu Akureyrarbæjar og vera tilbúinn til að leggja hana fram í viðtali.
Umsókninni skal fylgja greinargóð skýrsla um störf umsækjanda og menntun, stjórnunarreynslu og hver þau verkefni sem hann hefur unnið að og varpað geta ljósi á færni hans til að sinna starfi fræðslustjóra.
Ráðið er til fimm ára með möguleika á framlengingu. Tekið verður tillit til samþykktar bæjarstjórnar Akureyrar um jafnréttismál við ráðningu í starfið. Laun eru samkvæmt reglum um laun embættismanna Akureyrarbæjar.

**Umsóknarfrestur er til og með 10. ágúst nk. ATH: Umsóknarfrestur hefur verið framlengdur frá áður birtri auglýsingu.**
Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is**.
Frekari upplýsingar veita Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Þóra Pétursdóttir (thora.petursdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.

Capacent Ráðningar
Ármúla 13 // Hvannavöllum 14
Sími 540 1000

capacent



## Starfsmaður óskast í Dýrabæ

**Við auglýsum eftir starfsmanni í hlutastarf í verslunum okkar í Kringlu og Smáralind.**

Vinnutími er 4 tímar alla virka daga og önnur hver helgi.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf í ágúst, vera 20 ára eða eldri, eiga eða hafa reynslu af gæludýrum og hafa reynslu af afgreiðslustörfum.

Umsókn með mynd sendist á dyrabaer@dyrabaer.is

## Sölufulltrúi

***Miklir tekjumöguleikar fyrir duglegt fólk***

Útgáfufyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir sölufulltrúm í fullt starf. Um er að ræða sölu- og kynningastarf fyrir fjöldan allan af ýmis konar ritum sem fyrirtækið gefur út, sjá **heimasíðuna www.sagaz.is**

Krefjandi starf í skemmtilegu umhverfi.
Reynsla af sölu- og kynningarmálum æskileg en ekki skilyrði. Athugið tekjur eru árangurstengdar en tekjumöguleikar miklir!

Umsóknir skulu sendar á netfangið **umsokn@sagaz.is fyrir 1. ágúst nk.**

## Grunnskólinn á Hólmavík

**Við Grunn- og tónskólann á Hólmavík eru lausar stöður tónlistarkennara skólaárið 2014-2015**

• Meðal kennslugreina við tónskólann er píanó, blásturshljóðfæri, gítar, bassagítar og söngur. Einnig kennsla í forskólahópi.

Um er að ræða kennslu á grunn- og miðstigi. Leitað er eftir einstaklingum með góða skipulagshæfileika og mikla hæfni í mannlegum samskiptum. Starfið er fjölþætt, færni á fleiri en eitt hljóðfæri er mikilvægur eiginleiki og reynsla af tónlistarkennslu er æskileg. Umsækjendur skulu hafa hreint sakavottorð.
Laun eru samkvæmt kjarasamningum LN og KÍ.

**Umsóknarfrestur er til 8. ágúst 2014.**

**Nánari upplýsingar veitir:**
Hrafnhildur Guðbjörnsdóttir skólastjóri í síma 6963196, netfang skolastjori@strandabyggd.is

Umsóknir með starfsferilsskrá og afrit prófskírteina ásamt upplýsingum um meðmælendur sendist Hrafnhildi Guðbjörnsdóttur á skolastjori@strandabyggd.is eða Grunnskólinn á Hólmavík, Skólabraut 20-22, 510 Hólmavík.

Grunnskólinn á Hólmavík er samrekinn grunn- og tónskóli með um 70 nemendum í 1.–10. bekk þar sem lögð er áhersla á einstaklingsmiðað nám og samvinnu. Skólinn er Grænfánaskóli og er áhersla lögð á umhverfismennt og útinám.
Við skólann starfar 20 manna samhentur hópur. Félagsmiðstöð ungmenna hefur aðstöðu í skólanum.
Í Strandabyggð búa tæplega 520 manns þar af 380 manns í þéttbýliskjarnanum Hólmavík. Á staðnum er öll almenn þjónusta, góður leikskóli og glæsileg íþróttamiðstöð ásamt sundlaug með aðstöðu fyrir alla aldurshópa. Fjölbreyttir útivistarmöguleikar eru til staðar og náttúrufegurð mikil. Hólmavík er í einungis 233 km fjarlægð frá Reykjavík, sem er um 3 tíma akstur.

SAK SJÚKRAHÚSIÐ Á AKUREYRI AKUREYRI HOSPITAL

### Yfirlæknir á legudeild geðdeildar

Laus er til umsóknar 100 % staða yfirlæknis í geðlækningum við geðdeild Sjúkrahússins á Akureyri og veitist staðan frá 1. október 2014.

**Verkefni og ábyrgð:** Dagleg stjórnun og fagleg stefnumótun á legudeild geðdeildar, í samvinnu við forstöðulækni. Þjónusta við sjúklinga legudeildar, þátttaka í bráðaþjónustu, ennfremur samvinna við aðrar deildir sjúkrahússins og stofnanir á Norður- og Austurlandi. Stöðunni fylgja bakvaktir í geðlækningum, þátttaka í kennslu heilbrigðisstétta, þjálfun aðstoðar- og deildarlækna auk þátttöku í rannsóknarvinnu.

**Hæfniskröfur:** Umsækjandi skal hafa fullgild réttindi í geðlækningum. Auk fræðilegrar þekkingar og reynslu er lögð áhersla á hæfileika á sviði samskipta, samvinnu og sjálfstæðra vinnubragða. Við leitum að geðlækni með víðtæka menntun og reynslu í almennum geðlækningum ásamt reynslu við stjórnun.

**Umsóknarfrestur er til og með 1. september 2014.**

### Sérfræðingur í geðlækningum

Laus er til umsóknar 100% staða sérfræðings í geðlækningum við geðdeild Sjúkrahússins á Akureyri og veitist staðan frá 1. september n.k. eða eftir samkomulagi.

**Verkefni og ábyrgð:** Þjónusta við sjúklinga legudeildar, þátttaka í bráðaþjónustu, ennfremur samvinna við aðrar deildir sjúkrahússins og stofnanir á Norður- og Austurlandi. Stöðunni fylgja bakvaktir í geðlækningum, þátttaka í kennslu heilbrigðisstétta, þjálfun aðstoðar- og deildarlækna auk þátttöku í rannsóknarvinnu.

**Hæfniskröfur:** Umsækjandi skal hafa fullgild réttindi í geðlækningum. Við ráðningu verður lögð áhersla á faglega þekkingu auk hæfileika á sviði samskipta, samvinnu og sjálfstæðra vinnubragða.

**Umsóknarfrestur um stöðuna er til og með 15. ágúst 2014.**

Sjúkrahúsið á Akureyri er kennslusjúkrahús, sem veitir almenna og sérhæfða heilbrigðisþjónustu. Áhersla er lögð á bráðaþjónustu og helstu sérgreinameðferðir. Geðdeild Sjúkrahússins á Akureyri er eina geðdeildin utan höfuðborgarsvæðisins. Þar eru sex stöður lækna. Deildin þjónar aðallega íbúum Norður- og Austurlands 18 ára og eldri. Deildin skiptist í legudeild og dag- og göngudeild með fjölbreyttum verkefnum. Góð samvinna er við aðrar sjúkrahússdeildir, heilsugæslustöðvar, félagsþjónustu sveitarfélaga, geðsvið Landspítalans og stofnanir SÁÁ fyrir fíknisjúklinga.

Næsti yfirmaður er Sigmundur Sigfússon forstöðulæknir geðdeildar sem gefur nánari upplýsingar um stöðuna í tölvupósti sigmundur@fsa.is ásamt staðgengli Sigmundar Árna Jóhannessyni í síma 4630100 og í tölvupósti arnijo@fsa.is og Gróa B. Jóhannesdóttir framkvæmdastjóri lyflækningasviðs í síma 4630100 og tölvupósti groaj@fsa.is. Starfskjör fara eftir kjarasamningi Fjármálaráðherra og Læknafélags Íslands.

Umsóknum skal skilað á umsóknareyðublaði Embættis landlæknis um læknisstöður, sem fæst á vef sjúkrahússins www.fsa.is til Þóru Ákadóttur starfsmannastjóra sjúkrahússins eða á netfang thora@fsa.is. Umsóknum skulu fylgja ítarlegar upplýsingar um nám og starfsferil ásamt upplýsingum um fræðilegar rannsóknir, rit- og kennslustörf og staðfest afrit af fylgigögnum.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Gildi Sjúkrahússins á Akureyri eru ÖRYGGI – SAMVINNA – FRAMSÆKNI.
Við ráðningar í störf er tekið mið af jafnréttisstefnu sjúkrahússins, sem er reyklaus vinnustaður.

## Elskar þú kaffi?

### Viltu verða kaffibarþjónn hjá Kaffitári?

Okkur vantar kröftuga og skemmtilega einstaklinga til starfa á kaffihúsum Kaffitárs í Reykjavík.

**Störfin:**
Kaffibarþjónar í fullt starf og helgarstörf.

**Starfssvið:**
Störfin felast í framreiðslu á kaffidrykkjum, veitingum og sölu á úrvalskaffi og kaffivörum.

**Hæfniskröfur:**
Við leitum að kraftmiklum, brosmildum einstaklingum með áhuga á þjónustu og sölu og brennandi ástríðu fyrir kaffi. Starfsmenn munu fá starfsþjálfun og kennslu í fagi kaffibarþjónsins.

Umsækjendur eru beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Kaffitárs, www.**kaffitar.is.**
Umsóknarfrestur er til **8. ágúst.**

Frekari upplýsingar veitir
Lilja Pétursdóttir í síma **420-2722.**

Kaffitár framleiðir og selur einungis úrvalskaffi. Við leggjum áherslu á gæði og ferskleika. Við erum skemmtileg, alúðleg, umhverfisvæn, litaglöð og líka röff og töff. Við setjum fólk í fyrirrúm og opnum hjarta okkar til að koma boðskap Kaffitárs til skila og tengjast viðskiptavinum okkar traustum böndum. Við kaupum kaffi án krókaleiða til að stuðla að því að við fáum besta kaffi sem völ er á og að bændurnir fái sanngjarnt verð fyrir vöru sína.

Kaffitár

leggur heiminn að vörum þér kaffitar.is

BÍLALEIGA AKUREYRAR Höldur | Europcar

Þínar þarfir - okkar þjónusta

## Bílaviðgerðir

### Framtíðarstarf í Hafnarfirði hjá frábæru þjónustufyrirtæki.

Við leitum að fjölhæfum og metnaðarfullum einstaklingi til starfa á bílaleiguverkstæði Bílaleigu Akureyrar í Hafnarfirði. Viðkomandi þarf að geta sýnt frumkvæði í starfi og unnið sjálfstætt.

### Hæfniskröfur:

- Sveinspróf í bifvélavirkjun.
- Reynsla í starfi við bíla eða vélaviðgerðir.
- Gilt bílpróf - meirapróf æskilegt en ekki skilyrði.
- Grunn tölvukunnátta.
- Stundvísi, heiðarleiki og góð samskiptahæfni.

Upplýsingar um starfið veitir Jón Gestur Ólafsson í síma 840-6044 eða jongo@holdur.is

Hægt er að sækja um starfið á slóðinni:
www.holdur.is/is/fyrirtaekid/umsoknir

Umsóknarfrestur er til 15. ágúst 2014.

Höldur ehf / Bílaleiga Akureyrar er stærsta bílaleiga landsins með meira en 3000 bíla í rekstri komandi sumar og sextán afgreiðslustaði um allt land. Hjá fyrirtækinu starfar afar samhentur hópur um 160 starfsmanna að því sameiginlega markmiði að veita viðskiptavinum bestu mögulegu þjónustuna á íslenskum bílaleigumarkaði, ávallt með lipurð og sveigjanleika að leiðarljósi.

# BAR

Óskað er eftir vönu fólki til starfa á einni af elstu knæpum bæjarins. Leitað er eftir eftir fólki á bar sem og í gáttagæslu

Áhugasamir eru beðnir um að koma niður á Ölstofu Kormáks & Skjaldar á Vegamótastíg 4 þriðjudaginn 29. júlí milli 12-15 þar sem við tökum vel á móti ykkur í kaffi og spjall

Ath. umsækjendur þurfa að hafa lifað 25 vetur

## Neptune ehf óskar eftir vélstjórum

**Neptune ehf. gerir út og rekur þrjú rannsóknarskip.**

Neptune

Til starfa óskast vélstjórar í fullt starf en skipin eru í vinnu erlendis og er því enskukunnátta skilyrði.

Til að starfa um borð þarf viðkomandi að vera með alþjóðleg atvinnuréttindi frá Samgöngustofu samkvæmt STCW staðli.

Umsóknir og beiðni um frekari upplýsingar sendist á netfangið: **starf@neptune.is**



## Starfsmaður í bókunardeild

**101 hótel auglýsir eftir starfsmanni í bókunardeild hótelsins**

**Helstu verkefni:**
- Umsjón með bókunum hótelsins
- Stuðningur við gestamóttöku
- Önnur verkefni

**Hæfniskröfur**
- Reynsla af störfum í ferðaþjónustu s.s. ferðaskrifstofu eða flugfélagi er mikill kostur
- Góð tölvukunnátta er mikilvæg (þekking á bókunarkerfinu Navision er kostur)
- Góð kunnátta í talaðri og ritaðri íslensku og ensku er skilyrði, þriðja mál er kostur
- Þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Metnaður og vilji til góðra verka
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Jákvætt lífsviðhorf og skipulagshæfileikar

Vinsamlegast sendið kynningarbréf og ferilskrá á job@101hotel.is merkt **„101 Hótel bókunardeild“**

**Umsóknarfrestur er til og með 8. ágúst 2014**

101 hotel reykjavik

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið



## Úttektarfulltrúi hjá byggingarfulltrúanum í Reykjavík

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar auglýsir eftir úttektarfulltrúa til starfa hjá byggingarfulltrúanum í Reykjavík á skrifstofu skipulags, bygginga og borgarhönnunar.

Byggingarfulltrúinn í Reykjavík sér meðal annars um að sinna eftirliti með byggingarframkvæmdum innan borgarlandsins, frágangi þeirra og umhverfi lóða til samræmis við samþykkt gögn, skilmála, byggingarreglugerð, lög og staðla sem því tengjast.

**Helstu verkefni og ábyrgð**
- Áfangaúttektir á byggingartæknilegum atriðum í samræmi við samþykkt gögn, lög, reglugerðir og staðla.
- Stöðuúttekir á framkvæmdastöðu og gerð vottorða.
- Eftirlit og skoðanir vegna framkvæmda og umsókna.
- Skráning efnisatriða og athugasemda í skráningarkerfi byggingarfulltrúa.
- Eftirfylgni fyrirmæla um úrbætur mála með formlegum samskiptum við framkvæmda- og ábyrgðaraðila.
- Yfirferð ýmissa gagna í tengslum við byggingarleyfisumsóknir og framkvæmdir.
- Gerð umsagna vegna leyfisveitinga.

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Menntun í byggingarverkfræði, byggingartæknifræði eða sambærilegum tæknigreinum á háskólastigi.
- Framhaldsmenntun er æskileg.
- Reynsla af byggingariðnaði, s.s. hönnun, framkvæmdum og verkumsjón er æskileg.
- Hæfni og geta til frumkvæðis, áhugi og vilji til að takast á við fjölbreytt og krefjandi verkefni.
- Skipulagshæfni, nákvæm, öguð og sjálfstæð vinnubrögð og metnaður í starfi.
- Góð almenn tölvukunnátta og þekking á algengum forritum, s.s. Word, Excel, Outlook.

Um er að ræða framtíðarstarf og æskilegt er að starfsmaður geti hafið störf sem fyrst. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og hlutaðeigandi stéttarfélags.

Umsóknarfrestur er til og með **10. ágúst 2014**

Sækja skal um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar ***www.reykjavik.is*** undir „ **Laus störf**“ – Úttektarfulltrúi hjá byggingarfulltrúanum í Reykjavík.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Óskar Torfi Þorvaldsson, yfirverkfræðingur byggingarfulltrúa, ***oskar.torfi.thorvaldsson@reykjavik.is***.

Öllum umsækjendum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

VOTTUN HF. ÍST ISO 14001

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.

# NETTÓ GRANDA

Vegna aukinna umsvifa óskar Nettó Granda eftir nýju fólki í starfsmannahópinn.

**VIÐ LEITUM AÐ ÖFLUGU STARFSFÓLKI TIL LIÐS VIÐ OKKUR Í EFTIRFARANDI STÖRF**

- Almenn afgreiðslustörf (næturvinna)
- Almenn afgreiðslustörf (dagvinna)
- Starfsmann í kjötborð
- Umsjón með bakstri og mjólkurkæli
- Vaktstjóra um helgar
- Hlutastarf um helgar

**Um er að ræða bæði 100% störf og hlutastörf**

Áhugasamir geta sent umsóknir á netfangið **grandi@netto.is**
Upplýsingar veitir Hrefna Sif Ármannsdóttir verslunarstjóri í síma **773-3007**

**Umsóknarfrestur er til og með 6. ágúst nk.**



nettó
Kræsingar & kostakjör
**www.netto.is**

SVEINBJÖRN SIGURÐSSON – Við byggjum upp –

## Kranamaður óskast til starfa

Sveinbjörn Sigurðsson hf byggingaverktaki óskar eftir að ráð vanann kranamann til starfa.

Áhugasamir hafi samband við Jónas Jónmundsson verkefnisstjóra: 660 2407.

J.E. SKJANNI – VIÐ BYGGJUM TIL FRAMTÍÐAR – BYGGINGAVERKTAKAR

SLIPPURINN FASTEIGNAFÉLAG ehf

## Útboð Raflagnir

**Icelandair Hótel Reykjavík Marina – Stækkun**

J.E. Skjanni byggingaverktakar ehf. óska eftir tilboðum í raflagnir, í verkið Icelandair Hótel Reykjavík Marina - Stækkun. Verkið skal vinnast á tímabilinu ágúst 2014 – maí 2015.

Útboðsgögn verða tilbúin til afhendingar frá og með þriðjudeginum 29. júlí. Tengiliður Sævar Þorbjörnsson, sími 692 9867 og netfang saevar@skjanni.com

**Tilboð verða opnuð mánudaginn 18. ágúst, kl. 14:00 hjá J.E. Skjanna byggingaverktökum ehf. Stórhöfða 25, 110 Reykjavík.**




Kruðerí Kaffitárs leitar að jákvæðum, þjónustuljúfum og kröftugum einstaklingum með frumkvæði og metnað, sem hafa áhuga á matargerð.

### STÖRF Í BOÐI

**FÓLK Í SMURBRAUÐSGERÐ**
